

THE Lion

Blað nr. 224

ÍSLENSK ÚTGÁFA



We Serve

Mái / júní 2004

Skemmtilegt og gefandi Lionsár
Unglingabúðirnar í sumar
Kynning frambjóðenda
Fjölbreytt starf klúbba
Virki almannatengsl
Félagsauðurinn
Fræðsla á þingi
Sjötta hanagal
Dagskrá þings

Sauðárkrókur - Tindastóll í baksýn

Mái / júní 2004 Blað nr. 224
THE LION IN ICELANDIC
FJÖLUMDÆMI 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi THE LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109

Timaritíð the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Skrifstofa Lionsumdæmisins, Sóltúni 20, 105 Reykjavík er opin frá kl. 12.00 til 15.00
Sími 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is

Ritstjóri:

Ólafur Briem
Grundarlandi 22, 108 Reykjavík,
Sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is

Setning, umbrot, prentun:

Prentsmiðjan Gutenberg hf.
Síðumúla 16, 108 Reykjavík

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2003-2004

Hörður Sigurjónsson, fjölumdæmisstjóri
Þórunn Gestsdóttir, umdæmisstjóri 109 A
Einar Þórðarson, umdæmisstjóri 109 B
Árni Stefán Guðnason, fjölumdæmisgjaldkeri
Örn Gunnarsson, fjölumdæmisritari og netstjóri
Kristinn Hannesson, unglingskipastjóri og unglingsmálstjóri
Þór Steinarsson, alþjóðasamskiptastjóri
Hrund Hjaltadóttir, fræðslustjóri
Pálmi Hannesson, útbreiðslustjóri
Jón Guðmundsson, félagsstjóri
Kristján Helgason, aðst. félagsstjóri
Vigdís Halldórsdóttir, kynningarstjóri
Jón Gröndal, ritstjóri Lions
Magnús Steingrímsson, minja og skjalavörður

Ólafur Briem: síðameistari
Jón Bjarni Þorsteinsson, SightFirst stjórnari
Auður Jóhannsdóttir, Lions Quest stjórnari
Kristján Kristjánsson, Rauðufjaðrastjóri: 2003-2004
Jón Eyjólfur Jónsson, menningarstjóri
Halldór Kristjánsson, þingstjóri
Anna K. Gunnlaugsdóttir: umhverfisverndarstjóri
Halldóra J. Ingibergsdóttir, LCIF stjórnari
Daniel G. Björnsson, verkefnisstjóri LCIF
Margrét Jónsdóttir, félaganefndarstjóri
Björn Guðmundsson, frv. alþjóðastjórnarmaður
Geir Hauksson, varaumdæmisstjóri 109A
Stefán Skarphéðinsson, varaumdæmisstjóri 109B

Frankvæmdastjórn Lionshreyfingarinnar

President, DR. TAE-SUP "TS" LEE, Room 507, Chokson Hyundai Bldg. 80, Chokson-dong, Chongro-ku, Seoul 110-756, Republic of Korea; Immediate Past President, KAY K. FUKUSHIMA, P.O. Box 22607, Sacramento, California 95822, USA; First Vice President, CLEMENT F. KUSIAK, 6302 Homewood Road, Linthicum, Maryland 21090-2108, USA; Second Vice President, ASHOK MEHTA, Avanti Apts., Sion East, Mumbai 400 022, India

Alþjóðastjórnarmenn:

LUCIE ARMSTRONG, Hamilton, New Zealand; DELMAR "DEL" BROWN, Iowa City, Iowa, USA; GARY L. BROWN, Urbana, Ohio, USA; LOWELL BONDS, Hoover, Alabama, USA; VARA PRASAD CHIGURUPATI, Vijayawada, India; JULES COTE, Shelburne, Vermont, USA; HANS ULRICH DÄTWYLER, Schattdorf, Switzerland; NELSON DIEZ PEREZ, Barrio Sanjonia, Paraguay; JACQUES GARELLO, Marseilles, France; K.M. GOYAL, New Delhi, India; ASOKA de. Z. GUNASEKERA, Nugegoda, Sri Lanka; RANDY HEITMANN, Cambridge, Nebraska, USA; DR. RYOJI KAMEI, Kishiwada City, Japan; ERKKI J.J. LAINE, Espoo, Finland; WHADY LACERDA, Cuiaba, Brazil; E. ROBERT "BOB" LASTINGER, Wesley Chapel, Florida, USA; CHING-LI LEE, Kaohsiung, Taiwan; HOWARD LEE, Farnham, Surrey, England; SHI-WOK LEE, Yongin-city, Republic of Korea; MELVIN M. NAKAMURA, Honolulu, Hawaii, USA; SCOTT NEELY, South Charleston, West Virginia, USA; DR. GEN OKUBO, Nagasaki, Japan; WILLIAM R. "W.R." O'RILEY, Maryville, Missouri, USA; JOHN E. RABIDEAU, Churchville, New York, USA; DAVID ROBERTS, Sun City, Arizona, USA; RODOLPHE ROBINEL, Cayenne, French Guiana; WILLIAM ANDREW ROLLINS, Portland, Oregon, USA; BRUCE SCHWARTZ, Bismarck, North Dakota, USA; JAMES SHERRY, Sackville, Nova Scotia, Canada; DR. WING-KUN TAM, Wanchai, China Hong Kong; GARY TSCHACHE, Bozeman, Montana, USA; WALTER R. "BUD" WAHL, Streator, Illinois, USA; EBERHARD J. WIRFS, Kelkheim, Germany.



Tilkynning um alþjóðaðaþing

Svo sem gert er ráð fyrir í samþykktum alþjóða Lionshreyfingarinnar þá hefur alþjóðforseti tilkynnt að 87. alþjóðaðaþingið verði haldið í Detroit, Michigan, U.S.A. og Windsor, Ontario, Canada frá mánudegi 5. júlí til föstudags 9. júlí.

Á þinginu verður minnst stofnunar Windsor Lions Club 1920 og þar með fyrsta klúbbsins sem stofnaður var utan Bandaríkjanna. Á þinginu verður forusta hreyfingarinnar starfsárið 2004-2005 kosin auk þess sem kosið verður um lagabreytingar. Nýr alþjóðaforseti

verður settur í embætti, gestafyrirlesurum hefur verið boðið að flytja erindi á þinginu auk þess sem skólar og námsstefnur verða til fræðslu þátttakenda.

Blaðinu er ekki kunnugt um að aðrir sæki alþjóðaðaþing héðan af Fróni en Þórunn Gestsdóttir, Lkl. Eir, Geir Hauksson Lkl. Hafnarfjarðar og kona hans Jörunn Jörundsdóttir, og Stefán Skarphéðinsson Lkl. Borgarness og kona hans Ingibjörg Ingimarsdóttir, þá í embættum fjölumdæmisstjóra og umdæmisstjóra.

Næstu alþjóðaðaþing verða haldin sem hér segir:

Detroit, MI/Windsor, Ontario, Kanada	5.-9. júlí 2004
Hong Kong, Kína	27. júní 2005
New Orleans, LA, Bandaríkjunum	3.-7. júlí 2006
Chicago, IL, Bandaríkjunum	2.-6. júlí 2007
Bangkok, Thailand	23.-27. júní 2008
Minneapolis, MN, Bandaríkjunum	6.-10. júlí 2009
Sydney, Ástralíu	28.-Júní 2010

Ritstjórapistill

Vorverkin

Eitt það sem mér hefur alltaf fundist merkilegast við vorið er það hvað allir verða óskaplega duglegir. Það þarf að þvo gluggana, því þegar sól hækkar á lofti sést svo vel hvað þeir eru skítugir. Ekki nóg með það, heldur kemur í ljós að það væri víst líka best að mála yfir skellurnar sem földu sig í vetur. Svo eru annars konar vorverk, ekki einungis mannanna heldur einnig fuglanna.

Þannig tók ég eftir því einn morguninn að þröstur var búinn að velja sér stað fyrir hreiður í furu í augnhæð rétt fyrir utan opnanlegan glugga hjá okkur hér á bæ. Ekki heppilegasti staðurinn, en það var ekki kastað til höndunum við vorverkin þar. Þrestir kasta ekki til hendi við vorverkin yfirleitt og þrösturinn þessi var engin undantekning. Enhvern veginn held ég að uppáhalds fuglar umdæmisstjóra vorra, haninn og ugla, hafi ekki þá lipurð til að bera í vorverkunum sem þessi þröstur. Þarna flaug hann brott en var óðar kominn aftur og aftur með byggingarefnið og framkvæmdin gekk vel. Að því kom, samt, að hann gerði hlé á verkinu til að skoða hvernig verkinu miðaði, umhverfið og vel í kring um sig.

Það er víðar sem kominn er tími vorverka. Það er kominn tími til tiltekta, hreinsa til eftir veturinn, gróðursetja og klippa tré sem áður voru sett niður sem hluti af einu vorverkinu í þeirri von að þau mundu dafna og döfnuðu svo vel að það verður að halda vextinum niðri með klippum. Það er með ólíkindum hversu fjölbreytt vorverkin geta verið að ég tali nú ekki um þegar litið er til starfs Lionsklúbba.



Ugla



Hani

„Skilnaðarstund merkisfugla í lok starfsárs“

Dagatal LIONS til 30.06.2004

Dagsetning	Athburður	Staður
26.05.2004	Lkl. Björk, Sauðárkróki, 10 ára	Sauðárkrókur
28.05.2004	Fjölumdæmis- og umdæmisþing á Sauðárkr.	Sauðárkrókur
29.05.2004	Lionsball á Sauðárkróki	Sauðárkrókur

Hörður Sigurjónsson fjölumðæmisstjóri 2003-2004 Lionskveðja

Skemmtilegt og gefandi Lionsár

Nú fer senn að líða að lokum hjá mér sem fjölumðæmisstjóri ykkar

Það er margt skemmtilegt að minnst þegar lítið er til baka en starfið byrjaði fljótlega eftir síðasta þing í Hafnarfirði sem tókst mjög vel og ástæða til að þakka Hafnarfjarðarklúbbunum sérstaklega fyrir það.

Landssöfnunin

Það sem ber hæst á þessu starfsári mínu er landsöfnunin Rauð fjöður sem haldin var til styrktar langveikum börnum og tókst vel. Það sýnir sig samt að við getum ekki lagt það á félag okkar að vera með landsöfnun oftast en fjórða hvert ár og æskilegt að þessar safnanir séu í samvinnu við sjónvarpið. Slíka samvinnu þarf að panta með nokkurra ára fyrirvara því þeir vilja ekki taka þátt í nema einni sjónvarpsöfnum á ári og mörg líknarfélög vilja halda svipaðar safnanir og við.

Að vinna milljón

Vinnan okkar við viltu vinna milljón þættina á Stöð 2 kom sér vel fyrir þessa söfnun og borgaði mest allan kosnað okkar við auglýsingar. Vil ég þakka fjölmörgum félögum, fyrirtækjum, stofnunum og velunnurum fyrir þátttökuna í söfnuninni. Það er von okkar að þetta söfnunarféið hjálpi þeim félögum og stofnunum sem eru að vinna með langveikum börnum.

Koma alþjóðaforseta

Alþjóðaforseti T.S Lee og frú komu til landsins í upphafi starfsárs og var ánægjulegt að sýna þeim hvað við erum að gera. Þau voru mjög ánægð með heimsóknina og sáu sérstaka ástæðu til að þakka hana sérstaklega á fundi á Evrópu Fórum á Kýpur.

Norðurlandasamstarfið

Þátttaka í Norðurlandasamstarfinu hefur verið áhugaverð sem og að kynnast af eigin raun starfi hinna Norðurlandanna, kynnast fjölumðæmisstjórum þeirra og skiptast á skoðunum um málefni Lions. Það skiptir miklu máli fyrir okkur að Norðurlandahljóðirnar standi saman því þannig getum við náð okkar málum fram á alþjóðavettvangi Lions.

Félagshemilið

Endurnýjun og lagfæringar á félagshemilinu okkar í Sóltúni hefur tekið tíma í vetur



Fjölumðæmisstjórahjónin Hörður Sigurjónsson og Rannveig Ingvarsdóttir.

Nú er búið að mála, skipta um gólfefni, setja upp nýtt hljóðkerfi og komnir eru nýir stólar og borð í húsið sem gerir það allt miklu huggulegra og hefur aðsóknin í það bæði af Lionsklúbbum og öðrum aukist til muna. Það er von mín að okkur tækist að ljúka verkinu öllu á þeim tíma sem eftir lifir starfsárs.

Samfundir

Það hefur verið mjög gefandi að halda samfundi og hitta félagana út um allt land á þeim fjölmörgu stöðum sem þeir hafa verið haldnir og fá fréttir af Lionstarfinu í þeirra heimabyggð. Á flestum stöðum er sko engin lognmolla í kringum Lionstarfið heldur þvert á móti mikil gróska víða um land. Það hefur líka verið mjög gaman að fá tækifæri til að gleðjast með félögum þegar klúbbar hafa átt stórafmæli og þökkum við Rannveig kærlega fyrir heimboðin við þau tækifæri.

Einnig hefur verið ánægjulegt að taka þátt í fyrirlestrarhaldi um karla og kvenna heilsu í Reykjavík og úti á landsbyggðinni og verða vitni að mikilli þátttöku, vakningu og athygli sem þetta fyrirlestrarhald hefur haft á ímynd Lionshreyfingarinnar á Íslandi.

Fræðslumál

Við þurfum að leggja mikla áherslu á fræðslumál hreyfingarinnar í framtíðinni

Það hefur sýnt sig í vetur að námskeiðahald í margbreytilegri mynd er það sem okkar félagar kunna meta og svona fræðsla nýist þeim bæði í Lionstarfinu og í vinnunni.

Stöndum vörð um Lionsskólann og

reynum að efla hann í framtíðinni, hann er okkar kjölfesta fyrir góðu og árangursríku starfi.

Klúbbstarfið

Það hafa margir nýir félagar gengið til liðs við okkur í ár. Við verðum að passa mjög vel upp á að þeir finni sig fljótt hjá okkur og líði vel á fundum, þá er nokkuð víst að þeir verða með okkur lengi, lengi. Það er von mín að þeir ágætu formenn sem nú eru að taka við sínum klúbbum setji sér það takmark að hafa klúbbfundina og starfið skemmtilegt og passi vel uppá að hafa fjölskyldurnar með í starfinu. Þá gengur þeim vel að fjölga í klúbbunum og starf þeirra verður miklu skemmtilegra og árangursríkara en ella. Þetta mun ég reyna að gera þegar ég tek við formennsku í mínu klúbbi, Nirði, á næsta starfsári í annað sinn.

Þingið

En tíminn líður hratt og komið er senn að næsta þingi sem haldið verður að þessu sinni á Sauðárkróki þar sem fjórir klúbbar bjóða til þings að þessu sinni, en þeir eru Lionsklúbbur Sauðárkróks, Lionsklúbburinn Björk, Lionsklúbbur Skagafjarðar og Lionsklúbburinn Höfði á Hofsósi. Yfirstjórn hreyfingarinnar hefur haldið fundi með þingnefndinni sem vinnur ótulllega að undirbúningi þingsins, sem ég veit að á eftir að vera eftiminnilegt og skemmtilegt, því Skagafjarðingar kunna svo sannarlega að skemmta sér, svo sem landsfrægt er löngu orðið. Ég vil því hvetja alla Lionsmenn til að fjölmenna í Skagafjörðinn um hvítasunnuhelgina og vera með okkur á þinginu. Þó svo

þarna séu fyrst og fremst kjörnir embættismenn klúbbanna að búa sig undir að taka við embættum í sínum klúbbum þá er þingið að sjálfsgöðu opið öllum Lionsfélögum.

Gestgangur

Við fáum góða gesti í heimsókn erlendis frá, en þeir eru Jim Ervin fyrrverandi alþjóðaforseti 1999-2000, alþjóðastjórnarmennirnir Erkki Laine frá Finlandi og Howard Lee frá Bretlandi ásamt mökum, Finn Bangsgaard fjölumðæmisstjóri Svíþjóðar og umdæmistjórnarnir Henning Bögge Danmörku og Björn Holm Noregi ásamt mökum.

Lionshátíðin

Ég vil endilega minna ykkur á Lionshátíðina í lok þings. Hún verður stórrí þóttahöll þeirra Skagafjarðinga þar sem hljómsveit Geirmundar Valtýssonar leikur fyrir dansi og þar er tilvalið að mæta og skemmta sér með hressum Lionsfélögum.

Þakkarorð

Þar sem þetta er síðasta blaðið sem kemur út á þessu starfsári vil ég nota tækifærið og þakka starfsfólkinu á skrifstofunni Sigríði Kvaran og Ólafi Briem fyrir gott samstarf. Einnig vil ég þakka félögum í fjölumðæmisráðinu og öllu því góða Lionsfólki sem ég hef verið í sambandi við víðsvegar um landið þetta ár sem fjölumðæmistjóri fyrir góð ráð og samvinnu. Það hefur verið mjög ánægjulegt að fá að starfa fyrir ykkur þó svo að það hafi verið mikil vinna og krefjandi og óskum við Rannveig ykkur og fjölskyldum ykkar velfarnaðar í framtíðinni.

Við þökkum sérstaklega umdæmisstjórunum Þórunni Gestdóttur og Einari Þórðarsyni og hans konu Bergljótu Jóhannsdóttur fyrir góða samvinnu og viðkynningu. Það hefur verið mjög gefandi að vinna með þeim á þessu starfsári sem nú er senn að líða. Að lokum vil ég þakka eigin konu minn Rannveigu Ingvarsdóttur fyrir allan stuðninginn og hjálpina,

Framtíðaróskir

Að lokum óska ég viðtakandi fjölumðæmisstjóra Þórunni Gestsdóttur velfarnaðar í starfi á næsta starfsári.

Ágætu Lionsfélagar það er hjart framundan fyrir Lionshreyfinguna á Íslandi.

Pórunn Gestsdóttir umdæmisstjóri umdæmi 109A

Félagsauðurinn

Miklar væntingar og tilhlökkun í upphafi starfsárs var ágætt vegnasti í starf umdæmisstjóra í umdæmi 109A. Eitthvað er enn eftir í malpokanum af nestinu og ýmislegt hefur bæst í pokann. Reynslan, sterkari vináttubönd og ný viðhorf.



Pórunn Gestsdóttir.

Í mörg horn er að líta innan Lionshreyfingarinnar, verkefni eru fjölbreytt og samskipti við mann og annan á fundum og mannamótum tekur sinn tíma. Ferðalög og önnur samskipti taka einnig sinn tíma en skila góðum minningum.

Í tuttugu ára starfi innan Lionshreyfingarinnar hafði ég lært ýmislegt um Lions en á einu ári sem umdæmisstjóri hefur myndin af verkum Lionsmanna stækkað og dýpkað.

Eftir hverja heimsókn í klúbbana var alltaf nýr flötur eða nýr vinkill

liðana.

Við setjum okkur stundum í varnarstöðu innan hreyfingarinnar, klúbbafélagar afsaka sig vegna aldursfélaganna og þreytu varðandi verkefni. Áður hef ég bent á gamlan en sígildan sannleika, þann að sókn er besta vörnin. Við höfum fjölmörg verkfæri í höndum til að snúa vörn í sókn - m.a. góða féлага og góðan grunn sem sagt mannaúð og félagsauð.

Við stöndum á föstum grunni félagslega séð - því markmið og tilgang-

til umhugsunar og skoðunar. Starfið er kraftmikið og fjölbreytt en áhyggjur af fækkun féлага skyggja allnokkuð á jákvæðu hliðar okkar starfs.

Við Lionsfélagarnir sjálfir erum besta kynningin á starfi hreyfingarinnar, það erum við og okkar verkefni sem er segullinn fyrir ný-

urinn er að leggja lið. Þrátt fyrir samfélagsbreytingar er grunnur okkar starfs innan Lionshreyfingarinnar á trausti byggður. Grunnurinn er enn að leggja lið, sá grunnur stenst tímans tönn og þjóðfélagsbreytingar. Þrátt fyrir aukna velmegun, aukna þekkingu og tækni er enn þörf fyrir meðhjálpa sem félagslega þenkjandi einstaklingar vilja sinna.

Nýlega var málþing um félagsauð haldið í Reykjavík. Markmið málþingsins var að kynna hugtakið félagsauð og íslenskar og erlendar rannsóknir um félagsauðinn (social capital).

Hugtakið félagsauður er skilgreint sem verðmæti og áhrif þeirra félags tengsla sem einstaklingar mynda í fjölskyldum, vinahópum, vinnustöðum og félagasamtökum.

Í skjali á heimasíðu Háskóla Íslands þar sem málþingið um Félagsauð á Íslandi var kynnt segir:

„Verðmæti eða auður vegna þeirra

margvíslegu jákvæðu áhrifa sem það getur haft á velsæld og hagsæld einstaklinga sem samfélaga“. Litið er á félagsauð sem auðlind samfélaga með sama hætti og efnislegan auð og mannaúð.“

Samanburðarrannsóknir á félagsauði í tíu löndum (Ísland þar á meðal) hafa verið kynntar en rannsóknirnar beindust m.a. að því að leita leiða til að efla félagsauð þjóðanna.

Þessar rannsóknir, niðurstöður og umræður um félagsauðinn ættu að leiða til eflingar frjálsra félagasamtaka eins og Lionshreyfingarinnar, ætti að efla okkur dáða. Félagasáðild manna og gott starf innan þeirra féлага sem kosið er að starfa í, skapar ánægju og stuðlar að þroska og til verður félagsauður. Okkur hefur verið tamt að tala um mannaúð. Í dag er bent á að við eigum einnig að meta þann auð sem aðild okkar í samfélagi góðra féлага við lausnir verkefna skapa - félagsauðinn. Það er í takt við tímanna að meta félagsauðinn.

Þakka móttökur í klúbbaheimsóknunum, þakka umdæmisstjórnarmönnum í umdæmi 109A gott samstarf á yfirstandandi starfsári.

Einar Þórðarson umdæmisstjóri 109B

Sjötta hanagal: Við uppskerum eins og við sáum

Gleðilegt sumar. Veturinn er búinn að vera strembinn en lærdómsríkur. Í haust setti ég mér ákveðin markmið til að stefna að. Ég sá þessi markmið einnig sem almenn markmið hvers Lionsfélaga. Sumum þeirra hef ég náð en öðrum ekki. Hvernig sem því



Einar Þórðarsonn.

liður þá hafa þau drifið mig áfram í vetur. Ég náði felstum þessara markmiða með ykkar hjálp og vil hér með þakka ykkur fyrir samstarfið í vetur. Markmið mín voru:

1. Að gera umdæmi 109B löglegt: Enn vantar um 50 féлага í B umdæmi. Ein jákvæð frétt: Nýr Lionsklúbbur er í burðarliðnum á Skagaströnd með minnst 20 nýja féлага.

2. Að fá klúbba til að efla innra starfið og koma á nýjungum: Í mínum umræðum og skrifum hef ég lagt áherslu á ræktun. Margir klúbbar settu sér þetta markmið og miðað við þær raddir sem ég heyri þá hefur þetta markmið gengið eftir.

3. Að styðja við verkefnið Rauð fjöður: Yfirskrift söfnunarinnar var "Léttum þeim lífið" og markmiðið að styðja við börn í vanda. Hlutverk umdæmisstjóra var að styðja við verkefnið og

tala fyrir því sem ég hef og gert bæði í töluðu og rituðu máli. Flestir klúbbar tóku þátt og sérstök nefnd sá um verkefnið. Vonandi er ekki langt í lokauppgjör.

4. Að styðja við MERL vinnuhópinn: Í þessum hópi eru félagafulltrúar, útbreiðslufulltrúar, félaganefndarfulltrúar og fræðslu-

fulltrúar auk varaumdæmisstjórnanna. Út úr samstarfi MERL vinnuhópsins voru settar saman tillögur að stefnumótun MERL verkefnisins. Þarna eru komnar góðar tillögur til að vinna eftir næsta starfsár og afraksturinn af þessu verkefni því góður.

5. Að heimsækja Lionsklúbba: Gerðar hafa verið þær breytingar að umdæmisstjórnar eru ekki lengur skyldugir að heimsækja alla klúbba, frekar að heimsækja klúbba sem þarf að styðja við. Einnig var blaðinu snúið við og klúbbar hvattir til að bjóða umdæmisstjóra til sín. Ég fór á kúbbfundi, afmæli, samfundi og svæðisfundi, og tókst mér að hitta flesta klúbba. Segja má að þetta verkefni sé það skemmtilegasta í starfi umdæmisstjóra. Mikil áhersla var lögð á að umdæmisstjórnar notuðu tímann í að efla innra starf umdæmanna, styðja við embættis-

menn og skrifstofu og tel ég að okkur hafi tekist það.

6. Að fá góða uppskeru í vor: Uppskeran sem ég stefndi að voru 1260 ánægðir Lionsfélagar í umdæmi 109B. Að vísu eru þeir ekki 1260 en þeir eru samt glaðir og ánægðir og endanleg tala ekki komin. Ég tel því uppskeruna mjög góða.

Einkunnarorð okkar hefur verið Nýsköpun (Innovation) og það höfum við haft að leiðarljósi í allan vetur. Með nýsköpun er verið að benda okkur á að breyta til - og koma okkur upp úr því fari sem við erum í. Koma á nýjum hugmyndum í starfi klúbba og í starfi hreyfingarinnar.

Þess vegna valdi ég mér hanann sem mitt merki og "lukkudýr". Ef Lionshreyfingin á að þroskast og dafna þá megum við ekki sofna á verðinum. Haninn á einmitt að vekja okkur frá værum blundi.

Við verðum öll að fara að taka starf okkar með meiri alvöru en við gerum í dag. Hreyfingin dafnar ekki ef við mætum bara á klúbbfundi en leggjum ekkert af mörkum. Hún dafnar heldur ekki ef við hugsum ekki um nýliðun og félögum fjölgar ekki. Öll höfum við tækifæri til þess að sýna frumkvæði og láta eitthvað gerast. Það er aðeins spurningin um vilja.

Í síðasta Lionsblaði var tilkynnt um framboð mitt og Þórunnar Gestsdóttur umdæmisstjóra 109A til embættis fjöluumdæmisstjóra næsta starfsár. T.S. Lee alþjóðaforseti leggur áherslu á fjölgun kvenna í hreyfingunni og hefur alþjóðastjórn Lions óskað eftir því að hvert umdæmi skipi útbreiðslufulltrúa kvenna næsta vetur. Hann á að vera ábyrgur fyrir umsjón, fjölgun og þátttöku kvenna í umdæminu. Hann á að hvetja konur til að ganga til liðs við Lions.

Ég vil leggja þessu lið og vil hjálpa til við fjölgun kvenna í Lionshreyfingunni hér á landi. Í dag eru konur aðeins innan við 25% af Lionsfélögum eða um 600 á móti 1800 körlum. Þarna er óplægður akur. Ég veit að ef okkur tekst það þá sláum við tvær flugur í einu höggi; Við gerum bæði umdæmin lögleg og við fáum inn í hreyfinguna féлага með nýjar hugmyndir. Til þess að þetta takist þá tel ég best að kona sé í forsvari fyrir hreyfingunni næsta starfsár. Ég ætla að draga framboð mitt til baka og styð þórunni Gestsdóttur heils hugar í hennar framboði til fjöluumdæmisstjóra starfsárið 2004-2005. Þúsund mílna ferðin hefst með sýn til framtíðar.

Takk fyrir veturinn og sjáumst á umdæmisþinginu.

Dr. Tae-Sup Lee, alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Opnið hliðin að virkum almannatengslum

Á starfsárinu hef ég lagt áherslu á að Lionsfélagar um heim allan noti skapandi aðferðir við að þjálfa ábyrgð sína sem forustuafl í samfélaginu. Þessu takmarki er sérstaklega ætlað að hafa þann tilgang að sýna stöðu Lions í samfélaginu sem hefur síðan áhrif



Dr. Tae-Sup Lee.

á stuðning íbúanna við klúbbana. Virk almannatengsl eru í raun nátengd einkunnarorðum starfsársins 2003-2004 "Nýbreytni - Hliðið að framtíð Lions". Ástæðan er sú að ef framtíð klúbbs á að vera björt verður samfélagið að vita hverju hann hefur fengið á orkað og um næstu skref sem klúbburinn hyggst taka. Það er skylda sérhvers Lionsklúbbs að tryggja að allir skilji hvað Lions stendur fyrir og hvað klúbbarnir gera. Sjálfskynning ber árangur.

Nýtið fjölmiðla eins og t.d. dagblöð, sjónvarp, útlit og tímarit. Það er nauðsynlegt fyrir fjölmiðlafulltrúa klúbbs, og slíkan fulltrúa ættu allir klúbbar að hafa, að vera í beinu sambandi við fjölmiðlana á svæðinu. Ef klúbburinn stendur fyrir uppákomu eins og til dæmis þjónustuverkefni, söfnun eða viðurkenningsráðið, þá bjóðið fulltrúum fjölmiðla að vera viðstaddir og gætið þess að svör séu á reiðum höndum við spurningum sem þeir kunna að hafa. Tími þeirra er verðmætur og þeir kunna að meta það ef klúbbfélagar auðvelda þeim að taka viðtal, taka ljósmyndir eða kvikmyndir til að ná staðreindunum eins vel og kostur er á.

Ég hvet Lionsklúbba til nýbreytni í samskiptum. Internetið er aðal flutningstækið til að ná árangri að því er þetta varðar. Á árinu 2003 voru 100 ný tímarit kynnt til sögunnar á netinu, sami fjöldi og árið á undan. Kannist möguleikana á því að senda fréttir af starfi klúbbsins til fjölmiðla með rafrænum hætti. Er klúbburinn þinn með heimasíðu? Það getur reynst góð leið til þess að miðla upplýsingum til almennings og annarra Lionsklúbba um starfið. Til þess að heimasíðan sé áhrifarík verði þá skapandi við gerð hennar vegna þess að klúbburinn þinn er í samkeppni um athygli þeirra sem heimsækja netsíðurnar.

Á alþjóðavettvangi heldur hreyfingin áfram að byggja upp möguleika sína til að ná til stærri hóps áheyranda. Í þessu sambandi hefur Public

Relations Matching Grant styrkurinn verið sérstaklega áhrifarík. Á síðasta ári var 189.000 dollurum veitt til umdæma viðsvegar um heim sem nutu góðs af því að hafa kynnt almenningu klúbbverkefni á sínum svæðum. Styrkurinn heldur áfram að þróast með fjárfraðslum sem á fyrstu sex

mánuðum þessa árs námu 100.000 dollurum.

Einstök verkefni sem hafa þýðingu í alþjóðlegu samhengi gefa almenningu betri möguleika á að kynnast markmiðum alþjóðasamtaka Lionsklúbba og þeim áhrifum sem Lionsfélagar hafa á betra líf og útbreiðslu jákvæðs viðhorfs. Sjónverndardagur Lions sýnir glögg árangur Lionsfélaga um heim allan að ná tökum á læknanlegri blindu. Áætlanir sem tengjast þessu verkefni hafa verið dæmi um fyrirmyndar almannatengsl. Á síðasta ári gerði veggspjaldaverkefnið, sem nú er vinsælast verkefna sem stutt er af alþjóða Lionshreyfingunni, 350.000 börnum frá 55 löndum mögulegt að tjá drauma sína um frið á listrænana

hátt. Þetta er undarverður árangur í kynningu á hugmyndafræði Lions og um leið umræðu í fjölmiðlum.

Lionsfélagar, það er áriðandi að almenningur viti hvað við stöndum fyrir og hvar markmið okkar til framtíðar eru. Kynningarstarfið er óendanlegt og er á ábyrgð hvers einasta Lionsfélaga í heiminum. Skipuleg almannatengsl eru einnig ómis-

sandi þáttur í félagaþjónun. Ég veit um mörg dæmi þess að kynning á starfi klúbbs í samfélaginu hafi leitt til inntöku nýrra félaga.

Því fleiri sem þekkja starf okkar, því árangursríkari verða klúbbarnir í klúbbstarfinu. Þess vegna hvet ég ykkur til að kynna á verkefni ykkar í anda nýbreytni til að tryggja árangur.



Frá heimsókn alþjóðaforseta T.S.Lee og konu hans Haing Ja á starf-

Nýbreytni - Leið til þjónustu og þroska

Fyrir á starfsárinu það ég Lionsfélaga um heim allan að tileinka sér skapandi aðferðir við að styrkja Lionshreyfinguna. Á ferðalögum mínum og með lestri um verkefni Lionsklúbba hef ég sannfærst um að einkunnarorð okkar 2003-2004, "Nýbreytni - Hliðið að framtíð Lions", hefur hvatt Lionsfélaga til að gefa enn meira af sér í þágu samhjalpar en þeir hafa áður gert.

Hlið hafa vissulega opnast fyrir fleiri karla og konur að ganga til liðs við Lionsklúbba og deila verkefnum og félagsskap í stærstu og virkustu þjónustusamtökum heims. Með því að opna hliðin hefur ungu fólki gefist tækifæri að njóta árangurs, góðs félagsanda og að gera sér grein fyrir því hversu gefandi sjálfbóðaliðsvinna þeirra er þeim sjálfum og samfélaginu.

Við gerum okkur grein fyrir því að starf á grundvelli einkunnarorða okkar sameinar hefð hreyfingarinnar og nýbreytni í starfi. Við vitum nú að við getum náð markmiðum sem áður voru aðeins draumar. Walt Disney sagði einu sinni „Ef þú getur látið þig dreyma um það, þá getur þú gert það“. Við skulum vera þess minnug að við erum okkar eigin orlagavaldar

og með því að byggja á arfleifð okkar og hæfileikum sjáum við árangurinn endurspeglast í sterkari klúbbum sem auðga líf fólks í heimabyggð og um heim allan.

Með nýbreytni fjölgar klúbbum og félögum. Nýbreytni má líka sjá í fjölbreyttum þjónustuverkefnum sem svara kröfum samfélagsins, í forustuliðinu og í góðum almannatengslum sem gerir æ fleirum kleift að kynnast Lionsstarfinu.

Sem verkfræðingur hef ég trú á gildi tækninnar... og nýbreytni er ein af megin undirstöðuatriðum hennar. Ég er sannfærður um að ef samfélagið og Lionshreyfingin eigi að hafa framtíðarmöguleika þá verðum við að vera sívakandi. Ég hef, samt sem áður, ávallt verið minnugur spakmælis sem hljóðar svo: „Við eigum ekki að spurja hvert vísindin og tæknin eru að leiða okkur en heldur hvernig við getum notfært okkur vísindin og tæknina við að koma okkur þangað sem við viljum“. Það krefst ósérhlífni, sjálfsaga og þolgæðis sem Lionsfélagar um heim allan hafa í svo ríkum mæli. Þið hafið sýnt næg dæmi þess í meira en átta áratugi. Haldið áfram að móta ykkar framtíð-

arsýn og virða ábyrgð ykkar við sköpun þeirrar framtíðar.

Nýbreytni er okkar verðmætasta auðlegð. Hún gefur okkur tækifæri til að þróa aðferðir til að fjölga félögum og hámarka áhrif þjónustuverkefna okkar. Nýbreytni gerir árangur mögulegan um leið og hún dýpkar rætur sögulegrar hugmyndafræði „Að leggja lið.“

Nýbreytni hvetur okkur til að nota hugmyndaflugið þegar við stöndum frammi fyrir vandamálum eða ákvörðunum um hvernig best sé að snúa sér að nýjum þjónustuverkefnum. Hún krefst framtíðarsýnar þegar unnið er að fjarlægum markmiðum og hún verður að tryggja að allir félagarnir séu með. Við þurfum ekki annað en að leiða hugann að því hvernig upplýsingatæknin hefur breytt lífi okkar og hvernig hún mótir farveg Lionshreyfingarinnar. En til þess að við getum notið ávaxtanna af þessari aðkomu, verðum við stöðugt að vera á verði og gripa hvert tækifæri sem býðst til að leita nýrra og óhefðbundinna leiða og sjá hvert þær liggja. Þá munum við skilja að nýbreytni er hliðið að framtíð okkar.

Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar, unglingskiptastjóri.

Unglingabúðirnar í sumar

Öll þekkjum við fyrsta markmið Lionsklúbba sem er:

„Að vekja og efla anda skilnings og trausts meðal þjóða heims“.

Með þetta markmið að leiðarljósi ákvað stjórn hreyfingarinnar að hefja alþjóðleg unglingskipti og síðan 1961 hafa tugþúsundir unglinga um allan heim aðstoðað okkur við að ná þessu markmiði með þátttöku sinni í verkefninu.

Með þátttöku í unglingskiptum Lions gefst viðkomandi ómetanlegt tækifæri til þess að kynna jafnöldrum sínum frá allt að 25 þjóðlöndum. Þeim gefst þar tækifæri til að kynna menningu þeirra og lífnaðarháttum, skoðunum þeirra og viðhorfi til lífsins. Þar með gefst þeim tækifæri til að öðlast skilning á viðhorfum ólíkra þjóðfélaga til lífsins. Þeim lærist einnig að bera virðingu fyrir og að taka tillit til ólíkra skoðana og sjónarmiða.

Órjúfanlegur hluti verkefnisins er dvöl á heimilum Lionsfélaga. Með þeirri dvöl á erlendu heimili gefst þeim ómetanlegt tækifæri til að kynna nánar þeirri þjóð sem sótt er heim. Þau kynna þar af eigin raun lífnaðarháttum þeirra og daglegu lífi sem venjulegur heimilismeðlimur. Það gæti verið mikil lífsreynsla þar sem aðstæður geta verið mjög frá-



Tilbúin í Laugavegsgöngu frá Landmannalaugum.

brugðnar því sem þátttakandinn á að venjast heiman frá sér.

Íslenskir Lionsfélagar hófu þátttöku í verkefninu 1972 og hafa síðan þá sent fjölmörg ungmenni til dvalar á heimilum Lionsfélaga erlendis og til þátttöku í alþjóðlegum unglingskiptum. Ekki er óvarlegt að áætla að alls hafi farið héðan 450 - 500 unglingar á þessum árum. Margir þeirra hafa eignast þar vini til framtíðar og væri hægt að segja margar sögur af því.

En við höfum ekki bara sent unglinga til dvalar erlendis. Við höfum tekið á móti að minnsta kosti jafn mörgum unglungum til dvalar hérlandis og hafa margir Lionsfélagar haldið sambandi við sína gesti í mörg ár.

Unglingabúðir á Íslandi

Ég held að það hafi verið mikið

heillaspor þegar samþykkt var að framvegis yrðu alþjóðlegar unglingskiptir Lionshreyfingarinnar á Íslandi haldnar af Lionsklúbbum í stað þess að kaupa þær af utanaðkomandi aðilum. Fyrstu búðirnar með þessu fyrirkomulagi voru haldnar árið 1999 og hefur þetta gefist mjög vel. Það hefur verið mjög auðvelt að fá klúbba til að taka verkefnið að sér og allir sem að því hafa komið eru mjög ánægðir.

Það er vissulega dálitill vinna að taka að sér slíkt verkefni en með góðu skipulagi hefur þetta reynst klúbbum tilförlulega auðvelt.

Það er skemmtileg tilviljun að nú í sumar verða búðirnar haldnar á Laugarvatni en þar voru einmitt fyrstu búðirnar haldnar. Það eru klubbarnir á svæði 4 sem standa að búðunum. Þessir klúbbar eru Lkl. Embla, Lkl. Geysir, Lkl. Hveragerðis, Lkl. Laugardals, Lkl. Selfoss, Lkl. Skjaldbreiður, Lkl. Vestmannaeyja og Lkl. Þorlákshafnar. Nefnd þessara klúbba hefur undir forystu Guðmundar Oddgeirssonar Lkl. Þorlákshafnar, unnið starf sitt vel í vetur og undirbúið glæsilega dagskrá fyrir þá 15 unglinga sem hingað koma.

Unglingarnir koma til landsins 9. júlí og munu í upphafi dvelja hjá gisti-fjölskyldum í 9 daga en þann 18. júlí verða búðirnar settar.

Oftar en ekki hefur það komið fyrir að klúbbar sem hugsa sér að taka að sér unglingskiptirnar telja sig lenda í vandræðum með að finna eitthvað fyrir unglingana að gera. Það átti einnig við um þá klúbba sem sjá um búðirnar nú í sumar. Reynslan hefur hins vegar alltaf sýnt að þegar farið er af stað er erfiðara að skera niður dagskrána til að hún verði ekki of stíf.

Skipting verkefna

Klubbarnir hafa skipt með sér verkefnum meðan á dvöl unglingskiptanna

stendur og má segja að hver klubbur á svæðinu sjá um sinn dag.

Lkl. Skjaldbreiður mun sýna þeim jarðmyndanir og náttúrufrýrbrigði í Grímsnesi og á Þingvöllum.

Lkl. Laugardals og Lkl. Geysir mun sýna þeim uppsveitir Árnassýslu eins og Gullfoss, Geysir, Langjökul, Skálholt og fleiri markverða staði.

Lkl. Vestmannaeyja mun taka unglingskiptirnar til sín og hafa ofan af þeim í þrjá daga. Meðal annars verður farið í einhverja úteyjuna til að fylgjast með lundaveiðum.

Á dagskránni hjá Lkl. Emblu og Lkl. Selfoss er til dæmis ferð í Þórsmörk með stoppi við Seljalandsfoss. Í Þórsmörk verða gljúfur og jöklar skoðaðir.

Lkl. Hveragerðis mun hafa ofan af fyrir þeim með ýmsum uppákomum í Hveragerði og næsta nágrenni.

Á dagskránni hjá Lkl. Þorlákshafnar verður heimsókn í skóla, draugasetur, gengið í hraunhelli, gróðursetning, fjallanga og ýmislegt fleira.

Flest kvöldin verða notuð í búðunum fyrir kvöldvökum og þar mun unglingskiptirnar gefast tækifæri til að kynna sig og heimabyggð sína.

Þrátt fyrir þessa ítarlegu dagskrá gefst nægur frjáls tími í búðunum sem unglingskiptirnar geta nýtt til að kynna vel hverjir öðrum.

Margir sem tekið hafa að sér búðirnar hafa verið hræddir um að erfitt yrði að útvega hentugt húsnæði fyrir gistingu og aðra aðstöðu sem á þarf að halda. Þetta á þó ekki að vera vandamál þar sem oftast er hægt að fá inni í skólahúsnæði. Búðirnar núna verða til dæmis haldnar í Grunnskólanum á Laugarvatni. Í skólanum er ágætis mótuneyti góður samkomusalur og unglingskiptirnar sofa í flatsæng í tveimur skólastofum. Í flest öllum bæjarfélögum landsins er til slík aðstaða.

Demantshvatning alþjóðaforseta

Alþjóðaforseti, Dr. Tae-Sup

Lee hefur vakið athygli á nýrri tegund viðurkenningar fyrir formenn klúbba sem hafa fjölgað um minnsta kosti tvo á starfsárinu 2003-2004. Dr. Lee segir viðurkenningu þessa verðuga leið til að heiðra og þakka formönnum klúbba fyrir forustu þeirra við að styrkja klubb sinn og hreyfinguna í heild.

Áhersla alþjóðaforseta á inntöku kvenna í Lionsklúbba hefur hrundið af stað skriðu og síðustu tíðindi sýna að yfir 14.400 konur hafa gengið til liðs við Lionshreyfinguna sem er hvatning til klúbba til frekari dáða.



Alþjóðaforseti hefur skrifað að öllum formönnum og skýrt út fyrir þeim reglurnar um viðurkenninguna sem eru á þann veg að fyrir tvo fær formaður viðurkenningu með einum demant, fyrir fjóra fær formaður viðurkenningu með tveim demöntum, fyrir sex þrjá og svo framvegis. Þegar 10 nýir félagar hafa bæst í klubbinn fær formaðurinn því viðurkenningarmarki er með 5 demöntum.

Alþjóðaforseti bindur miklar vonir við þessa hvatningu sem hann hefur kynnt formönnum klúbba.

Klúbburinn okkar var stofnaður sem Lionessklúbburinn Björk 13. nóvember 1986 og haldin stofnskrárhátíð með miklum lúðrapyt og söng 7. febrúar. 1987, en hann breyttist ögn hljóðlegar í Lionsklúbbinn Björk 26. maí 1994, svo nú eigum við 10 ára afmæli.

Okkur hefur tekist að halda tölu félaga í um 20 undanfarin ár og þykj- umst bara góðar með það í allri þeirri samkeppni um dægrastyttingu sem nú er í boði.

Fundirnir okkar eru haldnir fyrsta miðvikudag í mánuði og eru matarfundir. Síðasti fundur á vorin breyttist í óvissuferð með mörgum skemmtilegum uppkomum og er þá engin staður í héraðinu óhultur fyrir okkur, jafnt inn til dala sem út til stranda. Einu sinni herjuðum við á Húnaþing og þangað styttist nú leiðin um Þver- árfjall og fleiri staðir verða í hættu.

Okkar hefðbundnu fjáraflanir eru plastpokasala á haustin og á vorin „hreinsum“ við KB-banka (ekki pen-

Anna Pála Þorsteinsdóttir, Lkl. Björk Lionsklúbburinn BJÖRK Sauðárkróki Enginn óhultur

ingana, bara rykið). Ef okkur finnst þetta ekki nóg, þá hreingerum við meira, höldum hagyrðingakvöld, bingó og hnýtum kransa.

Við, þessar förnfúsu konur í Lions, látum okkur margt varða í samfélaginu svo sem: heilbrigðisstofnunina, endurhæfingastöðina, björgunarsveitina, skólana, kirkjuna, fátækar fjölskyldur, sambýli fatlaðra, eldri borgara, börn og íþróttafólk. Svo tókum við þátt í sameiginlegum verkefnum Lions, bæði hérlendis og erlendis.

Við höfum heimsótt vinnustaði og fengið marga fyrirlesara á fundi sem hafa bæði frætt okkur og kætt.

Konur á Króknum

Árið 1997 var mikið afmælisár á Sauðárkróki, þá tókum við þátt í stóru verkefni með fjórum öðrum kvennafélögum hér, sem var sýning á lífi og störfum kvenna og nefndist „Konur á Króknum“. Þessi sýning tókst afburða vel og vakti mikla athygli.

Í klúbbnum eru margar hæfileikaríkar konur í alls kyns föndri, sem kenna okkur hinum. Við höfum föndrað allt frá kertahringjum upp í tertuskreytingar úr marsipani. Þetta eru mjög skemmtilegir vinnufundir.

Bjarkarkonur starfa í góðu skjóli

móðurklúbbsins sem er Lionsklúbbur Sauðárkróks og í góðu nágrenni við Lionsklúbbinn Höfða og Lionsklúbb Skagafjarðar og ætla að halda Fjölmundæmisþing með þeim í maí 2004. Þetta verður líka árshátíð þessara klúbba, sem alltaf er haldin sameiginlega.

Við eigum okkar eigin söng og það má segja að við lifum og störfum í hans anda. Lagið er eftir látinn félagi Áróru Sigursteinsdóttur og textinn eftir séra Hjálmar Jónsson.

SÖNGURINN OKKAR

Göngum inn til fagnaðarfundar, finnum hér innan stundar, gleði tæra og tryggð. Björkin víst mun verða að liði, vinna að einingu og friði styðja batnandi byggð.

Sameinumst systur, setjum takmarkið hátt. Eyðum andstæðum brátt, eflum samtaka mátt.

Anna K Gunnlaugsdóttir, Lkl. Fold, umhverfisstjóri MD 109

Allt og eitthvað

Enginn getur gert allt, en allir geta gert eitthvað.

Þessi orð komu upp í huga minn þegar ég settist niður og yfir mig þyrmdi samviskan, jú ég hafði verið beðin um að vera umhverfisstjóri í fjölmundæminu sl. vetur, ekki skorti áhugann en minna varð úr verki, því nú á vordögum þegar fjölmundæmisstjóri vor biður um skýrslur af starfsemi vetrarins fer um mig hrollur, lítið sem ekkert hefur skilið eftir sig af umhverfismála hliðinni en það er ekki þar með sagt að ég hafi setið auðum höndum því eins og þið vitið þá er alltaf hægt að finna verkefni í Lions. En til að sitja ekki uppi með ævarandi skömm vil ég senda ykkur Boðorðin tíu fyrir bilinn.

Boðorðin tíu

1. Notaðu hreyfilhitara. Reynslan sýnir að þú sparar 100 til 200 lítra af eldsneyti á ári og lengir líftíma bæði smuroliu og rafgeymis. Og billinn er alltaf hlýr og notalegur á morgnana!
2. Aktu á sem jöfnustum hraða og sparaðu þannig bensín. Tíðar hraðabreytingar auka bensíneyðslu.



Anna K. Gunnlaugsdóttir.

3. Veldu greiðfærar umferðargötur til að draga úr stoppum.
4. Stöðvaðu bílvélina ef billinn er í hægagangi í meira en eina mínútu.
5. Hafðu loftþrýsting í hjólbörðum sem næst því hámarki sem framleiðandi gefur upp. Það dregur úr bensíneyðslu og eykur endingu hjólbarda.
6. Forðastu að aka með tóma farangursgrind eða opna glugga. Aukin loftmótstaða eykur bensíneyðslu.
7. Skipuleggðu úréttingar. Mörg stopp í einni ferð, frekar en margar stuttar ferðir, styttrir ekki aðeins ekna vegalengd, heldur er virkni hreinsíkúta á útblástursrörum bíla best þegar vélin er heit.
8. Skipuleggðu samflot í bíl með öðrum þegar hægt er að koma því við.
9. Gakktu eða hjólaðu styttri vegalengdir.
10. Gættu að gróðri. Gróður bindur kolefni á móti því sem billinn losar.

Að lokum vil ég óska ykkur Lionsfélögum um allt land gleðilegs sum- ar.

Lionsklúbbur Skagafjarðar Saltkjöt og múrbrot

Snemma vetrar fór félagi í Lionsklúbba Sauðárkróks um allan framhluta Skagafjarðar með það að markmiði að stofna nýjan Lionsklúbb. Ferðalagið skilaði þeim árangri að Lionsklúbbur Skagafjarðar var stofnaður 20. apríl 1987. Var þessi dagur valinn svo Lionsmenn myndu daginn örugglega en þennan sama dag var Hitler fæddur. Stofnhátíðin var svo haldin með miklum myndarbrag þann 30. maí 1987.

Stofnfélagar voru 28. Þeim fækkaði þó fljótlega nokkuð en þeir sem eftir voru störfuðu af krafti og söfnuðu nýjum félögum. Nú er 21 félagi í klúbbnum og flestir vel virkir.

Lionsklúbbur Skagafjarðar hefur fundaraðstöðu að Löngumýri og haldnir eru tveir fundir í mánuði, fyrsta og þriðja miðvikudag. Að Löngumýri hefur klúbburinn góða aðstöðu og hefur notið frábærs viðurgjörnings og gestrisni núverandi og fyrrverandi staðarhaldara sem vert er að þakka fyrir.

Starfsemi klúbbsins er með hefðbundnu sniði. Menn reyna að hafa gaman að fundunum og annað slag- ið eru fengnir gestir á til að halda erindi um hin ýmsu mál. Talsvert samneyti er haft við aðra klúbba. Haldin er sameiginleg árshátíð klubbanna í Skagafirði og einnig sameiginlegir fundir með Lionsklúbbnum Höfða þrisvar á ári. Í

desember er jólahlaðborð og þá er eiginkonum boðið og eru þessir fundir sameiginlegir með Höfðamönnum. Einu sinni á ári er svokallaður saltkjötsfundur en þá elda nokkrir Lionsfélagar saltkjöt og baunir. Einnig eigum við vinkonur á Akureyri sem við höfum samskipti við endrum og eins.

Helstu fjáraflanir klúbbsins eru peru- og blómasala. Einnig höfum við tekið að okkur húsbrot og girðingarvinnu sem hefur gefið okkur mikið í aðra hönd.

Klúbburinn fer í fjölskylduferð í júní ár hvert. Þá fara klúbbfélagar með konur og börn, grilla og leika sér eina dagsstund. Hápunktur starfseminnar er í byrjun ágúst en þá býður klúbburinn eldri borgurum í dagsferð, upp á hálendið eða um nágrennanabyggðir. Hafa þessar ferðir mælst mjög vel fyrir og höfum við stundum þurft tvær rútur til að anna eftirspurn. Þessar ferðir eru ekki síður vinsælar hjá klúbbfélögum en eldri borgurum og með í för er kaffi og nesti sem er snætt úti í guðsgrænni náttúrunni. Hafa þessar góðgjörðir aðallega verið framreiddar af tveimur eiginkonum, þeim Sigríði Jónsdóttur, Steinstöðum og Rósu Guðmundsdóttur, Goðdölum. Stöndum við Lionsmenn í mikilli þakkarskuld við þær.

Arnór Gunnarsson,
Sigurður Sigfússon.

DAGSKRÁ LIONSÞINGS Á SAUÐÁRKROKI 2004

Fimmtudagur, 27. maí 2004

18:00 - 22:00 Afhending gagna. / **Fjölbrautarskólinn**

Föstudagur, 28. maí 2004

08:00 - 09:00 Afhending gagna. / **Fjölbrautarskólinn**

09:00 - 15:00 Skólar fyrir formenn, ritara, gjaldkera og svæðisstjóra /
Fjölbrautarskólinn

12:00 - 13:00 Hádegisverður / **Íþóttahúsið**

13:00 - 15:00 Makaskóli / **Fjölbrautarskólinn**

15:15 - 17:00 Umdæmisþing 109 A og 109 B / **Fjölbrautarskólinn**

17:15 - 18:00 Opinn fundur með umdæmisstjóra, fjölumðæmisstjóra og alþjóðastjórnarmönnum / **Fjölbrautarskólinn**

20:00 - 23:00 Kynningarkvöld með léttum veitingum.
Þægilegur klæðnaður / **Reiðhöllin**

Laugardagur 29. maí 2004

09:00 - 09:45 Námsstefna. / **Nýbreytni Nýsköpun** / **Fjölbrautarskólinn**

10:00 - 10:30 Skrudganga. / **Frá Sundlauginni**

49. fjölumðæmisþing Lionsumdæmis 109

DAGSKRÁ

Kl. 10:30 - 11:30

- Setningarathöfn fjölumðæmisþings

- Fánahylling og þjóðsöngvar.
- Ávarp formanns þingnefndar:
- Setning þingsins:
- Ávarp sveitastjóra Skagafjarðar:
- Blessun:
- Ávarp fyrrverandi alþjóðaforseta:
- Ávarp fulltrúa Norðurlandanna

Jón Sigurðsson

Hörður Sigurjónsson fjölumðæmisstjóri.

Ársæll Guðmundsson

Guðbjörg Jóhannesdóttir

James E Ervin PIP, fv. alþjóðaforseti Lions.

Finn Bangsgaard CC 101

Kl. 11:30 - 16:30

Fjölumðæmisþing framhaldið.

1. Kosning þingforseta, varaþingforseta, þingritara varaþingritara og kjörbréfanefndar
2. Ávarp alþjóðastjórnarmanns Errki J J Laine.
3. Ársskýrsla fjölumðæmisráðs. Hörður Sigurjónsson fjölumðæmisstjóri.
4. Umræður um ársskýrslu - embættismenn sitja fyrir svörum
5. Kjörbréfanefnd skilar álit

6. Reikningar fjölumðæmisins fyrir starfsárið 2002-2003. Bráðabirgðauppgjör starfsársins 2003-2004. Árni Stefán Guðnason fjölumðæmisgjaldkeri

7. Fjárhagsáætlun og tillaga um árgjald fyrir starfsárið 2004-2005

8. Lagabreytingar

9. Leiðtogafræðsla. Hrunð Hjaltadóttir. fræðslustjóri fjölumðæmisins.

10. a. Rauð fjöður Kristján Kristjánsson formaður framkvæmdanefndar.

10. b. Skipun úthlutunarnefndar.

11. Kynning á framboðum til embættis fjölumðæmisstjóra.

12. Kosning fjölumðæmisstjóra

13. Lýst kjöri fjölumðæmisstjóra

14. Ávarp nýkjörins fjölumðæmisstjóra.

15. Kjör embættismanna:

a. Fjölumðæmisritari, eitt ár 2004-2005

b. Fjölumðæmisgjaldkeri, eitt ár 2004-2005

c. Alþjóðasamskiptastjóri, þrjú ár 2004-2007

d. Kynningarstjóri, tvö ár 2004-2006

e. Félagastjóri, tvö ár 2004-2006

f. Endurskoðendur, eitt ár 2004-2005

g. Kosning formanns sjóðsstjórnar verkefnasjóðs, 2004-2007.

h. Kosning fulltrúa í 5 manna stjórnarnefnd NSR 2004-2008.

16. Tilnefning í nýtt embætti: Útbreiðslustjóri kvenna

17. Dregið í happdrætti ferðajöfnunarsjóðs.

18. Viðurkenningar

19. Þinghald 2005

20. Ákvörðun um þinghald 2006

21. Önnur mál

22. Þingslit

12:30 - 13:30 Hádegisverður. / **Íþóttahúsið**

13:30 - 16:30 Makaferð. / **Fjölbrautarskólinn**

13:30 - 17:00 Fjölumðæmisþing framhaldið.

19:30 - 03:00 Lionshátíð 2004 / **Íþóttahúsið**

Glæsilegur hátíðarkvöldverður og skemmtidagskrá. Hjómsveit Geirmundar verður í hörkustuði fram á rauða nótt.

ALLIR LIONSFÉLAGAR VELKOMNIR.



Nefndarskipan fyrir Lionsþing á Sauðárkróki 2004

Þingnefnd.

Jón Sigurðsson formaður	Lkl. Sauðárkróks	maki	Sigurbjörg Guðjónsdóttir.
Páll Pálsson	Lkl. „	„	Margrét Yngvadóttir
Kári Valgarðsson	Lkl. „	„	Hulda Tómasdóttir
Anna Pála Þorsteinsdóttir	Lkl. Björk	„	Valur Ingólfsson
Árni Egilsson	Lkl. Höfða	„	Þórdís Sif Þórisdóttir
Kristján Kristjánsson	Lkl. Skagafjarðar	„	Sigríður Jónsdóttir

Skemmtinefnd:

Símon Skarphéðinsson form. Lkl. Sauðárkróks maki Brynja Ingimundardóttir

Húsnæðisnefnd:

Bragi Haraldsson form. Lkl. Sauðárkróks maki Eygló Jónsdóttir

Upplýsingasímar:

Þingnefnd.

Jón Sigurðsson form	sími	892-1319
Páll Pálsson	„	894-9750
Árni Egilsson	„	894-7487

Skemmtinefnd:

Símon Skarphéðinsson form. sími 892-7013

Húsnæðisnefnd:

Bragi Haraldsson form. sími 660-0431

Kynning á frambjóðendum til embættis fjölumdamisstjóra og umdæmisstjóra starfsárið 2004-2005

Þórunn Gestsdóttir hefur boðið sig fram til embættis fjölumdamisstjóra.

Þórunn er félagi í Lionsklúbbnum Eir í Reykjavík. Hún hefur verið félagi í Lionshreyfingunni í tuttugu ár og gegnt ýmsum embættum í sínum klúbbsins. Um tveggja ára skeið var hún gestafélagi í Lionsklúbbsins Ísafjarðar.

Þórunn var svæðisstjóri og hefur átt sæti í umdæmis- og fjölumdamisstjórnnum var m.a. kynningarstjóri fjölumdamisins. í sex ár ritstýrði hún Lionsblaðinu. Af öðrum sérverkefnum má geta þess að hún hefur setið í þremur. Rauðu fjaðra framkvæmdanefndum. Þórunn var kjörin varaumdæmisstjóri umdæmis 109A 2002-2003 og umdæmisstjóri 2003-2004. Hún er ein í kjöri í embætti fjölumdamisstjóra MD 109 starfsárið 2004-2005. Þórunn er fráskilin, fimm barna móðir og á sex ömmubörn.

Geir Hauksson Lkl. Hafnarfjarðar hefur boðið sig fram til embættis umdæmisstjóra í umdæmi 109A.

Geir er fæddur í Reykjavík 24.júní 1940, en ólst upp í Kópavogi.



Stefán - Þórunn - Geir.

Hann vann við ýmis störf bæði til sjós og lands framan af, en hélt síðan til flugvirkjanáms í Bandaríkjunum og hefur síðan starfað sem flugvirki og flugvélstjóri hjá Loftleiðum síðar Flugleiðum.

Geir fluttist til Hafnarfjarðar 1970 og gekk í Lionsklúbb Hafnarfjarðar

10.mai 1984. Hann var gjaldkeri klúbbsins 1987-1988, formaður 1990-1991 og svæðisstjóri var Geir á svæði 6 1998-1999. Auk þessara embættanna hefur Geir starfað í flestum nefndum klúbbsins nú síðast í stjórn þingnefndar Hafnarfjarðarklúbbanna vegna fjölumdamisþings sem haldið

var í Hafnarfirði á síðasta ári en þar var Geir kosinn til embættis varaumdæmisstjóra. Klúbburinn útnefndi hann Melvin Jones féлага árið 2002.

Eiginkona Geirs er Jórunn Jörundsdóttir gjaldkeri á Hrafnistu Hafnarfirði. Hún er í Lionsklúbbnum Kaldá í Hafnarfirði. Þau eiga tvær dætur og eitt barnabarn.

Stefán Skarphéðinsson Lkl. Borgarness hefur boðið sig fram til embættis umdæmisstjóra í umdæmi 109B.

Stefán er sýslumaður, fæddur í Reykjavík 1. apríl 1945. Hann varð stúdent frá Verslunarskóla Íslands 1967 og lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Stefán var í Lionsklúbbsins Patreksfjarðar 1978-1986 og í stjórn klúbbsins 1978-1979. Árið 1995 gekk Stefán til liðs við Lionsklúbb Borgarness, var svæðisstjóri 2000-2001 og er formaður klúbbsins nú í annað sinn. Eiginkona Stefáns er Ingibjörg Ingimarsdóttir, launafulltrúi hjá Borgarbyggð. Hún er félagi í Lkl. Öglu. Þau eiga fjögur börn, Þórunni Erlu, Kristínu Maríu, Ásgerði Ingu og Stefán Einar.

Kynning á frambjóðendum til embættis varaumdæmisstjóra starfsárið 2004-2005



Guðmundur Rafnar Valtýsson.

Guðmundur Rafnar Valtýsson hefur verið boðinn fram til embættis varaumdæmisstjóra af klúbbsins sínum, Lionsklúbbsins Laugardals.

Guðmundur er fæddur í Miðdal, Laugardal, 13.október 1937. Hann stundaði nám við Kennaraskólann í Reykjavík og útskrifaðist þaðan 1959. Guðmundur var skólastjóri við Grunnskólann á Laugavatni frá 1959 til 1997 og síðan oddviti Laugardalshrepps til 2002.

Hann gekk til liðs við Lionsklúbb Laugardals við stofnun 1972 og hefur gengt flestum klúbbembættum, meðal annars verið formaður og svæðisstjóri og verður það í annað sinn starfsárið 2004-2005

Eiginkona Guðmundar er Ásdís B. Einarsdóttir kennari og eiga þau þrjú uppkomin börn.

Valdimar Þorvaldsson hefur verið tilnefndur frambjóðandi til embættis varaumdæmisstjóra 109B starfsárið 2004-2005 af Lionsklúbbsins Akraness.



Valdimar Þorvaldsson.

Valdimar er búsettur á Akranesi, varð búfræðingur frá Hólum 1972 og vélvirki frá Iðnskólanum á Akranesi 1976 Eiginkona Valdimars er Oddný Erla Valgeirsdóttir, stuðningsfulltrúi,

nemi í kennaradeild HA. Börnin eru fjögur og barnabörnin tólf.

Valdimar er nú umsjónarmaður sorpmála á Akranesi.

Félagsstörf

Valdimar gekk í Lionsklúbb Akraness 3.nóvember 1987. Hann var meðstjórnandi 1991-92, ritari 1998 - 99, formaður 1999-2000 auk þess sem hann hefur verið formaður nefnda og nefndarmaður í fjölmörgum nefndum á vegum klúbbs síns.

Annað

Valdimar hefur starfað að sveitarstjórnarmálum og verið í fjölmörgum nefndum á vegum Akraneskaupstaðar. Var formaður Sveinafélags málmíðnaðarmanna á Akranesi 1993-1996 og er nú formaður Starfsmannafélags Akraness. Hann situr í stjórn BSRB og einnig í nefndum tengdum Starfsmannafélagi Akraness og BSRB.

Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold, fræðslustjóri MD-109

Áhersla lögð á fræðslumálin

Hvað hefur Lionsfélögum staðið til boða í vetur?

Undanfarin ár hefur alþjóðastjórn lagt mikið upp úr því að Lionsfélögum standi til boða fjölbreytt fræðsla á vegum hreyfingarinnar með aðaláherslu á leiðtogaþjálfun. Þar á bæ leggja menn mikla áherslu á hversu nauðsynlegt það er að allir Lionsfélagar séu vel upplýstir um hreyfinguna og stefnumál hennar hverju sinni. Ekki verður annað sagt en fræðslunefndin hafi sinnt þessum þætti eftir bestu getu og eru námskeiðin, fyrirlestrararnir og Leiðtogaskólinn dæmi um það. En Lionsfélögum stóð fleira til boða.

Í apríl héldu Danir námskeið í Kaupmannahöfn og var það styrkt af Lions Leadership Institute. Þangað fór einn af nemendum okkar úr Leiðtogaskólanum í Munaðarnesi s.l. haust Valdimar Jónsson Lkl. Tý í Reykjavík. Valdimar er ungur og áhugasamur Lionsmaður og frábært að hann skyldi sækja þetta námskeið. Þegar þetta er ritað er starfsárið langt komið og satt að segja hefur verið mjög líflegt í fræðslumálunum í vetur og ekki er allt búið enn. Framundan er þingið okkar á Sauðárkróki og þar verður boðið upp á ýmsa fræðslu að vanda.

Námskeiðin.

Fjölmörg námskeið af ýmsum toga, bæði gamalkunnug og ný, hafa verið á dagskrá í vetur. Nýliðanámskeið, fé-



Kennarar og leiðbeinandi á fjölumdamisþingi með fræðslustjóra.
Valdimar Jónsson Lkl. Tý verður með námstefnu „Nýbreytni-nýsköpun“
Jón Gröndal Lkl. Nirði og Jóhanna Valdímarsdóttir Lkl. Kaldá með formannaskólann, Guðjón Jónsson Lkl. Setjarnarness og Margrét Jónsdóttir Lkl. Fold með gjaldkeraskólann, Þór Steinarsson Lkl. Fjörgyn og Guðmundur H.Gunnarsson Lkl. Fjörgyn með ritaraskólann. Kennarar í Makaskólanum verða svo Hrund Hjaltadóttir og Aníta Knútsdóttir maki Þórs Steinarssonar. Á myndinni eru frá vinstri: Valdimar, Jón, Margrét, Kristinn, Hrund, Þór. Jóhanna og Guðmundur. Á myndina vantar

laganefndanámskeið og síðameistaránámskeið voru haldin í Reykjavík og út um land og nýjasta námskeiðið í fjölskyldunni er námskeið í ræðumennsku. Það námskeið höfum við sett upp sem tveggja kvöld (skipta) námskeið og höfum við fengið til liðs við okkur félag úr Lkl. Fjörgyn sem eru vanir kennarar á því sviði. Fyrsta ræðunámskeiðið var haldið í Reykjavík og síðan var farið til Akureyrar og haldið námskeið fyrir svæði 7 og Lkl. Keilir í Vogum fékk til sín námskeið.

Námskeiðin, sem eru fyrir alla Lionsfélaga, eru auglýst bæði á netinu og í Lionsblaðinu.

Heimsóknir í klúbba og á svæðisfundi.

Allir klúbbar geta sótt um að fá námskeið eða fyrirlestur á klúbbfundi.

Fræðslustjóri hefur nú þegar heim sótt nokkra klúbba með mismunandi fyrirlestra og hafa þeir verið byggðir að hluta til á námsefni Leiðtogaskól-

ans. Einnig hafa svæðisstjórar fengið heimsóknir kennara á svæðisfundi. Eftirfarandi fyrirlestrar eru t.d. í boði.
 * Stjórnunaraðferðir - Leiðtogastílar.
 * Sterkur leiðtogi -Virki og frumkvæði.
 * Árangursrík liðsheild -Virki og hvetja.
 * Samskipti-Virk hlustun
 * Stefnumótun-Markmiðasetning.
 * Fundarstjórn-Fundarsköp.
 * Úrlausn vandamála-Að stjórna deilum.
 * Að setja saman teymi-Öflugt hópstarf

Leiðtogaskólinn.

Lögð verður áhersla á að við getum haldið Leiðtogaskólann í Munaðarnesi næsta haust eins og undanfarin ár. Sótt verður um styrk til Lions Clubs International LCI einu sinni enn og hef ég góða trú á að við fáum fjárveitingu til verkefnisins vegna þess hversu skólinn hefur verið vel rekinn bæði námsefnislega og fjárhagslega og er það að sjálfsögðu verk skólustjórans Guðrúnar B. Yngvadóttur. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka henni enn og aftur fyrir vel unnin störf. Gert er ráð fyrir að auglýst verði eftir umsóknum í skólann í vor. Reynslan hefur kennt okkur að alltaf hafa fleiri sótt um en komast að. Miðað er við að skólinn taki við 30 nemendum.

Þingið, skólarnir og námstefna.

Á þinginu á Sauðárkróki í vor verða að sjálfsögðu skólar fyrir verðandi embættismenn eins og venjulega. Tekist hefur, í samráði við fjölumdamisstjórn, að lengja tímann sem þeim er ætlaður um eina kennslustund og er það vel.

Námstefna verður haldin í tengslum við þingið og mun þar verða fjallað um „Nýbreytni“ en það hefur verið slagorð alþjóðaforseta þetta árið.

Kennsla fyrir maka Lionsfélaga, sem staddir verða á þinginu, er líka á dagskrá.

Vonast er til að sett verði upp veggspjaldakynning í tengslum við þingið. Þar yrðu verkefni Lionsklúbba og fjölumdamisráðs kynnt. Vil ég hvetja alla, klúbba, svæði og fjölumdamisráðsfolk til að huga að því hvort þeir geti ekki sett upp veggspjald til kynningar á verkefnum sínum okkur hinum til fróðleiks. Að lokum vil ég svo þakka samstarfið í vetur, sjáumst hress og kát á þinginu í vor.

Dr. Tae-Sup Lee alþjóðaforseti skrifar: Fleiri framtíðarhlið

Lok starfsársins 2003-2004 nálgast nú óðum og við getum litið baka til þess árangurs sem náðst hefur og skoðað hvernig okkur hefur gengið að vinna í anda einkunnarorða okkar: „Nýbreytni - Hliðið að framtíð Lions. Það hefur verið heiður fyrir mig að fá tækifæri til að starfa sem alþjóðaforseti þetta starfsár og vera fulltrúi Lionsfélaga um heim allan í heimsóknum til meira en 50 landa. Á ferðum mínum hitti ég fjölda forustumanna sem allir töluðu af virðingu um starf Lionsfélaga í þágu samfélagsins og sérstaklega mat ég það mikils að fá áheyrn hans heilagleika, páfans, Jóhannesar Páls II.

Þau eru mörg hliðin sem opnuð hafa verið og styrkt alþjóðasamband Lionsklúbba og skapað virðingu fyrir

merki okkar um heim allan. Félag og klúbbafjöldun var aðalmarkmiðið. Frá fyrsta júlí hafa yfir 101.000 Lionsfélagar gengið til liðs við hreyfinguna og er félagafjöldinn nú 1.337.985. Ég lagði sérstaka áherslu á fjölgun kvenna og ég er stoltur að geta sagt frá því að rúmlega 27.000 konur hafa gengið til liðs við Lionshreyfinguna á starfsárinu. Þá er það ánægjuefni fyrir mig að geta sagt frá því að 2.987 færri félagar hættu en á síðasta starfsári. Nærri 500 nýir klúbbar hafa verið stofnaðir þannig að klúbbarnir eru nú orðnir 46.242. Þessu til viðbótar eru 449 klúbbadeildir sem leggja lið í 58 löndum. Lionsklúbbar eru nú starfandi í 193 löndum. Þjálfun hefur verið í hávegum höfð og meira en 50 fjölumdamis hafa verið styrkt til að

þjálfa varaumdamisstjóra og fræðslufulltrúa.

Starf í þágu ungs fólks hefur verið fram haldið með þeim árangri að nú eru 5.459 Leoklúbbar starfandi með 136.475 félögum í 137 löndum.

LCIF hefur haldið stöðu sem einn af virtustu alþjóðahjálparsjóðum heims. Frá stofnun sjóðsins 1972 hafa hjálparbeiðnir að upphæð 340 milljónir dollara verið samþykktar.

Kæru félagar, þetta starfsár hefur verið ár framfara og bjartsýni að því er varðar leiðina framundan. Ég er stoltur að hafa starfað með ykkur og séð hversu uppfinningasamir Lionsfélagar vilt og breytt um heiminn eru við að ná markmiðum sínum. „Nýbreytni - Hliðið að framtíð Lions“ hefur sannað sig og stuðlað að meiri háttar árangri klúbba við að leggja lið.

Pór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn, alþjóðasamskiptastjóri

Að lokum

Pá er að renna á enda 4ra ára tímabil þar sem ég hef sinnt verkefnum alþjóðasamskiptastjóra fjölumdæmisins og kominn tími til að líta um öxl um leið og Lionshreyfingunni er þakkað það tækifæri sem mér var veitt.



Pór Steinarsson

Norræna samstarfið

Meginhluti starfsins hefur verið fólgið í að taka þátt í starfi vinnuhóps alþjóðasamskiptastjóra innan NSR (NSR-IR). Starf þess hóps hefur af mörgum verið álitnið einn af hornsteinunum í norrænu samstarfi inna Lions. Á þessum árum hefur NSR-IR hópurinn beitt þeirri aðferðafræði við val á sameiginlegum verkefnum að skoða hugsanleg verkefni og ná sameiginlegri niðurstöðu um hvaða verkefni væri næst í röðinni.

Í **Letlandi** hef ég komið að tveimur verkefnum í borginni Daugvapils. Fyrri verkefnið var endurnýjun á hreinlætisaðstöðu í geðsjúkrahúsi með 700 sjúklinga og hitt verkefnið var endurnýjun á húsnæði fyrir götubörn. Húsnæðið tekur um 30 einstaklinga. En í raun var stærsti hluti verkefnisins fólgin í því að breyta starfsaðferðum lögreglu- og félagsyfirvalda í Daugvapils í mál-efnum götubarna.

Í **Litháen** hef ég komið að verkefni sem felst í endurbyggingu - endurnýjun á hjálfunaraðstöðu fyrir einstaklinga eftir m.a. heilablóðfall og mænuskaða. Þessi aðstaða er í Baldzio Silas skammt frá höfuðborginni Vilnius. Þetta verkefni snérist ekki aðeins um steypu og málningu en einnig um að breyta starfsaðferðum við endurhæfingu í Litháen. Um 15-20% af fjármögnun verkefnisins kemur frá Lionshreyfingunni en afgangurinn frá yfirvöldum í Litháen. Drifkrafturinn á bak við verkefnið var hugsjón danskra Lionsfélaga sem náðu samkomulagi við yfirvöld í Litháen um breyttar áherslur innan þessa málaflokks.

Í **Eistlandi** eru núna að komast á framkvæmdastig vinna við Maarja þorpið. Þar er vonast til að verkefnið muni leiða til breytinga í starfsaðferðum yfirvalda í Eistlandi í málefnum þroskaheftra. Þetta verkefni er unnið af finnskum Lionsfélögum með dyggri aðstoð frá Svíþjóð. Lionshreyfingin hefur þar tekið að sér að koma mjög stóru verkefni af stað og

er vonast til að fleiri aðilar komi að verkefninu í framhaldinu.

Það er ekki mikið fjármagn sem NSR-IR hópurinn hefur til umráða. Um 5 milljónir króna á ári og þar af greiða íslenskir Lionsfélagar nú um 200 þúsund. En það er ótrúlegt að sjá hvaða áhrif þessir peningar ásamt eldmóði verkefnisstjóra hafa í viðkomandi samfélögum. NSR-IR hópurinn hefur einnig sótt um styrki til LCIF og hafa fengist nokkrir styrkir hver að upphæð 75000 USD eða 5,5 milljónir allt eftir eðli hvers verkefnis.

Íslensk verkefni

Ég minnst þess að fyrir nokkrum árum fylltu félagar í Lkl Fold stóran gám af margvíslegum varningi, teppum, rúmfötum o.fl, sem almanna- varnir hættu að nota og tæmdu birgðageymslur í Mosfellsdal. Allt var þetta sent til Póllands og kom að góðum notum þar.

Þegar ég fór að fylgjast með mál-efnum í Vilnius í Litháen komst ég fljótlega að því að víða er þar mikil fátækt. Eftir að hafa rætt málið við Flemming Meyer núverandi alþjóðasamskiptastjóra Dana leitaði ég til A.Z. Kaminskas formanns Vilnius Capital Lions Club. En hann var þá einn af ráðgjöfum ríkisstjórnar Litháen. Ég tjáði honum að íslenskir Lionsfélagar hefðu væntanlega möguleika á að senda notuð sjúkrarúm, hjólastóla, göngugrindur, föt o.fl. til Vilnius. Hann benti mér á Vilnius Social Security Centre sem annaðist margvíslega aðstoð við þá sem minna mega sín í Vilnius. Eftir nokkur bréfaskriftir og heimsókn til Vilnius Social Security Centre varð niðurstaðan að íslenskir Lionsfélagar hafa sent þangað frá árslokum 2000 níu gáma hlaðna af margvíslegum hjálpargögnum en þó hlutfallslega mest af sjúkrarúmum, hjólastólum og göngugrindum. En einnig mikið af fatnaði, rekstrarvörum fyrir sjúkrahús og nú síðast færanlegt röntgentæki frá Lkl. Patreksfjarðar. Fyrstu tveir gámarnir voru afhentir af Lionsfélögum í Vilnius en síðan hafa sendingarnar farið beint frá okkur. Innihald gáms sem sendur var í janúar 2004 fór til, National Compensation Centre, Nursing Hospital Vilkspede, Vilnius University Nursing Hospital, Vilnius On-

kological Institute, Social Security Centre og Roma Community Centre. Þessa dreifingu annaðist Vilnius Social Security Centre.

Allt hefur þetta byggst á því að Lionsfélagar um land allt af verið ötulir í að safna saman margvíslegum búnaði sem sjúkrahús og heilugæslustöðvar hafa verið að taka úr umferð. Þessu hefur aðallega verið safnað saman í söfnunargám okkar í Sóltúni 20. Eins hafa mörg fyrirtæki m.a. Hjálpartækjamiðstöðin, Jón Eiríksson ehf, Austurbakki, A. Karlsson, Eirberg, NTC og 66°N lagt okkur lið. Án áhugasamra Lionsfélaga hefði þetta verkefni aldrei orðið til.

Einn er sá klúbbur sem mikið hefur mætt á í þessu verkefni en það er Lkl Váli. Válafélagar hafa verið iðnir við að halda utanum söfnunargám- inn, meta ástand hjálpargagna, gera við ef það er hægt en einnig hefur verið nauðsynlegt að henda einhverju sem hefur verið of bágborið til að senda utan. Þá annast Válafélagar hleðslu flutningsgáma.

Við höfum aðallega notið fyrirgreiðslu Eimskips við flutning gá- manna til Vilnius en í upphafi tóku Samskip að sér að flytja einn gám til Vilnius.

Oft segja nokkur orð meira en löng ræða og læt ég hér fylgja skeyti sem barst frá Angele Cepenaite aðstoðar- framkvæmdastýru VSSC í árlök 2003.

Dear Thor,

We appreciate very much great and huge work The LIONS CLUB of Iceland and you personally are doing to help Vilnius people in need.

It's great help for Vilnius people on Christmas eve. God bless you!

Thank you very much.

Angele Cepenaite

Lionsfélagar munið málsháttinn „Margt smátt gerir eitt stórt“, ef hver klúbbur leggur til 7.500 kr þá safnast 660.000 kr í Verkefnasjóðinn okkar. Vil ég því enn skora á Lionsklúbba um land allt að athuga hvort ekki finnist nokkrir þúsundkallar í verkefnasjóði til að styðja við þetta verkefni okkar.

Jafnframt vil ég þakka þeim fjölmörgu Lionsklúbbum og einstaka Lionsfélögum sem muna eftir þessu verkefni og hafa milligöngu um að útvega þessi hjálpargögn.

Gleraugnasöfnun

Síðustu tvö starfsárin höfum við endurvakið söfnun á notuðum gleraugum sem send eru til Danmerkur og síðan þaðan til Burkina Faso í Afríku. Þar hafa þau komið að góðum notum.

Samstarf innan Lions

Á þessum fjórum árum hafa starf- að með mér sem alþjóðasamskipta- fulltrúar umdæmanna þau Magnús S. Ríkhartsson í Lkl Ásbirni, Magnús Steingrímsson í Lkl Vála, Þórólfur Árnason Lkl Bessastaðahrepps, Sveinn Grímsson í Lkl Vála, Þórhildur Gunnarsdóttir, Lkl Eir og Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl Mosfellsbæjar. Það sem gert hefur verið undan- farin ár hefur hvílt að miklu leiti á herðum þeirra og hafa þau nýtt sér sín sambönd til að leggja lið, útvega fatnað og sjúkravörur o.fl.. Vil ég þakka þeim þeirra framlag.

Að lokum vil ég þakka Lionshreyf- ingunni fyrir að hafa veitt mér tækifæri til að starfa á þessum vettvangi undanfarin 4 ár og þannig tækifæri til að kynna fleiri hliðum á mann- legu samfélagi.

Á björtum og fögrum fyrsta sumar- degi 2004.



Þar sem hani er einkennismarki Einars Þórðarsonar í embætti þetta starfsár færðu félagar hans og dyggir stuðningsmenn í Lkl Fjörgyn honum, á nýjafstöðnum stjórnarskiptafundi, hinn eina sanna hana að gjöf sem þakklæti fyrir vel unnin störf fyrir klúbbinn og Lionshreyfinguna á starfsárinu.

Pistill menningarstjóra, Jóns Eyjólfssonar Lkl. Nirði

Þá vor er í lofti

Það er vor í lofti þegar ég set þessar línur á blað.

Frá því í fyrra hefur vart sú vika liðið að Lions sé ekki getið í fjölmiðlum, leggjandi góðum málefnum lið með gjöfum og liðveislu, menningaruppákomum og lýðheilsufundum, sem færri komast á en vilja. Já karlarnir hafa vaknað til umhugsunar um heilsuna. Þar þjónaði Lions því hlutverki að vera forsprakkar og skipuleggendur og þetta hefur svo sannarlega verið vel heppnað og mikill menningarauki. Við erum félagar í fjölmennri og frjósamri fjöldahreyfingu Lions og sinnum öfluglu líknar-forvarnar- uppbyggingar- og menningarstarfi.

Hvað er menning?

Er það þroski mannlegra eiginleika, verkleg kunnátta, andlegt líf,



Jón Eyjólfur Jónsson.

menningararfur eða er það umburðarlyndi, samhygð, menntun og listir?

Menning er það umhverfi, það viðmót og sáandi sem býr með þjóð, menning er ekki eitthvað eitt hún er þetta allt og meira til. Allt það sem styrkir fegurra mannlíf er menningarauki, það sem brýtur niður ómenning.

Lionshreyfingin á Íslandi hefur nú í meira en hálfa öld stuðlað að betra mannlífi og reynt að gefa ungu fólki tækifæri til betri uppvaxtar, verið íslendingum menningarauki. Hún er órjúfanlegur þáttur íslenskrar menningar og með starfi sínu byggir hún upp en rífur ekki niður. Styrkir okkur sem einstaklinga í að þroska mannlega eiginleika. Með vináttuna að markmiði, umburðarlyndi og samhygð sýnum við fordæmi sem eftir er tekið. Styðjum bágstadda og

minnimáttar og hjálpum meðbræðrum í vanda.

Í nýlegri skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar „Norðurlönd á leið inn í nýtt árþúsund“ er mikil áhersla lögð á að rækta með börnum og ungmennum samsemd og virðingu fyrir öðrum þjóðum. Hið norræna samstarf er einstakt og dýrmætt og byggist á gagnkvæmri virðingu fyrir svipuðum manngildum, en einnig ræktarsemi og þekkingu á mismunandi tungumálum og menningu.

Fjöldahreyfing eins og Lions er hluti af þeim grunni sem norrænt samstarf er reist á. Samvinna hinna ýmsu klúbba hefur lyft grettistaki, en einnig samvinna og skilningur milli þjóða. Sá menningarauki sem Lionshreyfingin ber inn í íslenskt samfélag er ekki síst sú samhygð og samsemd sem við félagar í hinum einstöku klúbbum finnum fyrir. Þar eignumst við hollvini, styrkjum vin-

áttuna á fundum og gleymum ekki þeim sem eiga í tímabundnum erfiðleikum. Á landsvísu eignumst við vini og samstarf milli klúbba eykur samsemd meðal þjóðarinnar og gefur okkur innsýn í líf og störf í þéttbýli jafnt sem dreifbýli. Þjappar okkur saman. Við tölum sömu tungu og mótum með okkur sömu lífsgildi. Byggjum á sömu siðareglum.

Það er okkar menning, það er Lionsmenning.



Guðmundur Finnbogason.

Guðmundur Finnbogason, Lkl. Blönduóss, útbreiðslu- og kynningarfulltrúi 109B

Maður á mann

andi stöðum sem hér eru nefndir en á sumum þessara staða var Lionsklúbbur en öðrum ekki. Þessir staðir eru:

Grundarhverfi (Þar er Lkl. Búi, en vantar styrk), Hvanneyri (þar var Lkl. Borgarfjarðar), Tálknarfjörður, Bíldudalur, Þingeyri, Súðavík, Drangnes, Skagaströnd, Ólafsfjörður, Kópasker og Raufarhöfn. Í

Reykjavík mætti athuga hverfis-skipta Lionsklúbba, enda ættu helstu sóknarfærin að vera á því svæði.

Verið er að vinna að stofnun Lionsklúbbs á Skagaströnd í vor og vonandi gengur það dæmi upp. Þreifingar eru á Þingeyri.

Hér gildir orðið maður á mann, þannig er það nú bara, og með hjálp ykkar þá er nú hægt að gera ýmislegt

að hausti komanda. Ég hvet ykkur til að vera nú dugleg að hringja í vini eða heimsækja og fá þá til liðs við okkur og gefið mér endilega upp nöfn þeirra svo að hægt sé að mynda tengingu við viðkomandi staði.

Netfang mitt er astgudm@hvippinn.is eða sími: 8613894.

Kr. 7.600.00

Útbreiðslumál hafa verið á minni könnu þetta starfsár. Að stofna Lionsklúbb/deild er ekkert gamanmál, þó skemmtileg sé, þarf mikla vinnu og verður ekki gert nema með hjálp góðra Lionsmanna/kvenna, og að áhugi ríki á viðkomandi stað.

Nú er Rauðu fjarðrar söfnuninni lokið og allir landsmenn vita hverjir við erum ef þeir hafa ekki vitað það fyrir. Nú er að láta slag standa og kné fylgja kviði. Nú þurfa Lionsfélagar að leggjast á eitt og aðstoða við að sá fræum og hafa samband við fólk sem þeir þekkjá á viðkom-

Hafið þið félagarnir heyrt þessa upphæð nefnda? Það hef ég oft á Lionsfundum og tekið undir með ræðumönnum, í huganum, að þetta sé há upphæð fyrir að vera í Lionshreyfingunni til að fá að taka þátt í því að leggja þeim sem minna mega sín í samfélaginu, og öðrum lið.

Er þetta rétt hugsun? Má vera, en mín hugsun breyttist þegar ég fór að spá í kostnað við að vera í Lionshreyfingunni í sambandi við stofnun klúbba/deilda og hvað við fáum og getum fengið út úr Lions.

Upphæðin, kr. 7.600, er grunnjald sem við greiðum til Lionshreyfingar-

innar og svo bæta klúbbar ofan á þessa upphæð, mismunandi krónutölum til að standa undir rekstri klúbbsins.

Auðvitað má deila um hugmyndafræðina sem lýtur að kostnaðinum. Í umræðum mínum við fólk hef ég beitt þeim rökum, til samanburður, að nokkrir hlutir sem við látum eftir okkur, t.d. reykingar í hálfan mánuð, ræktin í tvo mánuði, fara út að borða einu sinni í mánuði, kosta okkur það sama. En fáum við ekkert í staðinn. Það er undir klúbbfélögunum komið að sækja til Lionshreyfingarinnar hina ýmsu fræðslu og námskeið sem

í boði eru. Af nógu er að taka (Nú er komið ræðunámskeið).

Leiðtogaskólinn hefur verið styrktur af alþjóðahreyfingunni, umdæmisstjórar okkar fá greiðslur til að sækja alþjóðarþing Lions, ýmis verkefni innanlands hafa verið styrkt að utan, þannig að okkar greiðslur til alþjóðarstjórnar Lions skila sér að megninu til baka.

Í Lions njótum við mjög góðs félagskapar allan ársins hring og bætum okkar fjarsta og nánasta umhverfi til betri framtíðar. Þessi skrif eru mínar hugrenningar, ykkur til umhugsunar.

Lkl. Njarðvíkur

Lionsstarf til fyrirmyndar



Fulltrúar foreldrafélaganna og björgunarsveitarinnar taka á móti styrkjum.

Lionsklúbbur Njarðvíkur samanstendur af ólíkum einstaklingum á öllum aldri með það að markmiði að skemmta sjálfum sér og öðrum og vinna um leið að ýmsum góðgerðarmálum. Yngsti félaginn er 25 ára og sá elsti 83 og er aldursdreifing nokkuð jöfn þar á milli. Þá er reynsla

Björgunarsveitarinnar Suðurnes, styrk til Þroskahjálpar á Suðurnesjum, styrk til einstaklinga vegna sjúkdóms o.fl. Þá tók klúbburinn virkan þátt í Rauðu fjaðrar söfnuninni. Tvisvar í mánuði stýrum við spila kvöldum fyrir heldri borgara í safnadarheimili Ytri-Njarðvíkurkirkju.



Úr jeppaferð.

mannanna innan Lionsshreyfingarinnar mismikil, allt frá því að við tökum inn nýjan félag á þessu ári um leið og við státum okkur af nokkrum stofnfélögum, en klúbburinn var stofnaður 1958.

Við leggjum lið

Lionsklúbbur Njarðvíkur hefur tekið þátt í og styrkt fjölmörg góð verkefni og einstaklinga í gegnum tíðina, bæði hérlendis og erlendis. Á þessu ári hefur megin áhersla verið lögð á verkefni heima í héraði og sem dæmi um styrki frá klúbbnum má nefna styrk til kaupa á lækningatæki, styrki til foreldrafélaga grunnskólanna í Reykjanesbæ, styrk til

Helsta fjáröflun okkar er árlegt jólahappdrætti. Á hverju ári seljast allir útgefnir miðar, enda virðist svo vera að það sé orðin hluti af jólaundirbúningi fjölmargra að kaupa miða af okkur og styrkja þar með góð mál efni. Dregið er í happdrættinu þann 23. desember fyrir opnu húsi og er ánægjulegt að á hverju ári fjölga þeim sem koma og eru viðstaddir útdráttinn.

Innra starfið

Auk hefðbundinna fundarstarfa gerum við ýmislegt til að krydda tilveruna.

Síðast liðið haust var farið í tveggja daga jeppaferð (Fjallabaksleið

nyrðri) og á næsta fundi var vegleg myndasýning úr ferðinni. Í desember héldum við jólafund með mökum og eru ekkjur látinna félaga boðnar sérstaklega velkomnar á þann fund. Við áttum sameiginlegan fund með Lkl. Æsum í janúar og árlegt Herrakvöld var haldið í febrúar. Þá bjóðum við vinum og kunningjum með okkur og eykst þátttaka á hverju ári. Í mars var haldið innanklúbbs hraðskákmót og í apríl skoðuðum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar undir leiðsögn Stefáns Thordersen, en hann kynnti fyrir okkur hvernig staðið er að flugöryggismálum. Við höfum einnig fengið góða gesti á fundi til okkar sem hafa kynnt ólík málefni í léttu máli og myndum. Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs, upplýsti okkur um leyndardóma góðs kaffis og bauð okkur til kaffismökkunar. Árni Sigfússon, bæjarstjóri, var heiðursgestur á Herrakvöldi, Erling Einarsson, svæðisstjóri, fundaði með okkur og séra Baldur Rafn Sigurðsson kynnti fyrirhugaða stækkun safnadarheimilis Njarðvíkurkirkju. Þá mun Hjálmar Árnason, alþingismaður, verða með okkur á næst síðasta fundi þessa starfsárs og hefur hann áræðanlega frá mörgu skemmtilegu að segja.

Færeyjaferð

Sú hefð hefur skapast í klúbbnum að halda lokafund með mökum í nýju umhverfi og er þá farið í skemmtilega helgarferð í leiðinni. Undanfarin ár hafa lokafundir m.a. verið haldnir í Stykkishólmi, á Njáluslóðum og í Borgarnesi.

Að þessu sinni höldum við til Færeyja. Flogið verður til Vagar á föstu-

degi, gisti á Hótel Færeyjar í Tórshavn og lokafundurinn haldinn kvöldið eftir. Á sunnudegi verður heilmikil útsýnisferð með fararstjóra og flogið heim á mánudegi. Þessar ferðir eru ávallt mjög skemmtilegar og ekki að efa að svo verður einnig nú.

Ljónfróði

Fyrir fundi er ávallt gefið út fréttabréfið Ljónfróði og sent til klúbbfélaga. Þar kemur fram dagskrá fundar o.fl. skilaboð. Á þessu ári hafa auk þess fylgt með ýmis spakmæli eða vísukorn til tilbreytingar.

Með hækkandi sól og sumarkveðjum til allra Lionsmanna sendi ég ykkur spakmæli úr 10. tbl. Ljónfróða um gildi þess að brosa.

- Það kostar ekkert, en ávinnur mikið.
- Það auðgar þá sem fá það, án þess að svipta þá neinu sem veita það.
- Það gerist í einni svipan, en minningin um það geymist oft ævilangt.
- Enginn er svo ríkur að hann geti án þess verið og enginn er svo snauður að hann geti ekki gefið það.
- Það skapar hamingju á heimilum, góðvilja í viðskiptum og er vináttuvottur.
- Það er þreyttum hvíld, dagsbirta þeim sem dapur er, sólskin þess sorgmædda og vörn í öllum vandræðum.

BROSTU

Með Lionskveðju
Björn H. Skúlason
form. Lkl. Njarðvíku



Gunnar Örn og Ingólfur taka á móti afmælisgjöfum frá okkur hinum.

Heiðrún Rútsdóttir og Elín Lýðsdóttir, ferða- og samskiptanefnd Lkl. Engey

Fréttabrot frá Lionsklúbbum Engey



Brosmdir á þorablóti.

Aðalfjáröflun Lionsklúbbsins Engeyjar er hinn árlegi flóamarkaður sem haldinn var í byrjun október. Þar var á boðstólum fatnaður, bækur, búshöld og margt fleira. Það sem ekki seldist var sent í Kárahnjúkavirkjun, Skálatún, Rauða krossinn og til Lettlands í samvinnu við Lionsklúbbum Vála.

Að þessu sinni var ákveðið að allur

ágóði rynni til Bugls, Barna og unglingageð-deildarinnar við Dalbraut. Af því tilefni fengum við yfirlækni Bugls, Ólaf Guðmundsson og Helgu Jørgensdóttur hjúkrunarfræðing á fund þar sem þau kynntu starfsemi deildarinnar. Sögðust þau vera þakklát fyrir þann áhuga sem Engey sýndi deildinni og lögðu fram lista yfir hluti sem kæmu deildinni vel.

Í haust var ákveðið að finna eitt hvert verkefni fyrir klúbbum. Fyrir valinu varð hjúkrunarheimilið Skógarbær. Þangað var svo farið í heimsókn í nóvember. Félaskonur buðu upp á meðlæti með kaffinu. Barnabörn eins félaga léku á blásturshljóðfæri, ungt par sýndi samkvæmisdansa og ungur drengur lék á píanó. Síðan var fjöldasöngur. Þessi heim-

sókn tókst mjög vel og vonandi verður þetta að föstum lið í starfsemi klúbbsins.

Í febrúar var haldið stórglæsilegt þorablót. Mjög góð mæting var og skemmtu félagar og makar þeirra sér fram eftir nóttu, með söng og glensu. Í mars fór klúbbuminn svo í leikhús og sá leikritið Fimm stelpur.com og skemmtu allar sér konunglega.



Flóamarkaður - Gladst yfir góðum vörum á góðu verði.

Lionsklúbbuminn Agla Borgarnesi.

Gaman saman í Lions



Inntaka nýrra félaga 2003. Fremri röð, Íris, Dóra Sigga, Áslaug, Guðrún, og Steinunn ásamt meðmælendum sínum þeim þóru Þ, Þóru Bj, Hebu og Lilju Ósk.

Nú þegar starfsárinu er að ljúka er gott að líta yfir sviðið. Hvað höfum við verið að gera? Jú eitthvað vorum við að gera í vetur; halda okkar mánaðarlegu fundi, fara í heimsóknir, fá til okkar góða gesti, vera með fjáraflanir, styrkja góð málefni, og skemmta okkur, það þarf að gera líka. Allar þessa góðu konur í klúbbum sem vilja öllum vel, fóru t.d. í leikhús, fönnduðu fyrir jólin, héldu þrettándagleði og ætla í ferðalag eftir lokafundinn.

Það þarf nefnilega að vera gaman í Lions, hlakka til að mæta á fundi, hitta félagana, borða góðan mat og hlusta á eitthvað fróðlegt.

Inntaka nýrra félaga er alltaf ánægjuleg, en á síðasta ári gengu fimm konur í klúbbuminn og á þessu starfsári gekk ein kona í klúbbuminn. Mikið tilhlökkunarefni er að fá gott fólk til starfa, og þurfum við að vera duglegar að bjóða konum með okkur í klúbbuminn, og segja þeim hvað það sé gaman hjá okkur. Þá voru tvær

klúbbsystur gerðar að Melvin Jones félögum fyrir góð og óeigingjörn störf í þágu klúbbsins.

Það hefur verið mjög gaman og lærdómsríkt að vera í stjórn í vetur, maður hefur fengið betri yfirsýn yfir starfið og sér þetta allt saman frá öðru sjónarhorni. Bæjarbúar fá bestu þakkir fyrir stuðninginn í vetur. Þeir mættu vel á Geirmundarballið fyrsta vetrardag og keyptu súkkulaðidagtol

fyrir jólin handa börnum sínum og barnabörnum. Bestu þakkir fá einnig auglýsendur fyrir auglýsingar í Öglublaðið, og þeir sem gáfu í söfnunina Rauðu fjóðrina. Ég hlakka til næsta starfsárs og ætla að reyna að finna einhverja góða vinnu með mér í klúbbuminn.

Rannveig Finnsdóttir ritari
Lkl. Öglu, Borgarnesi



Afhending baðlyftu til Dvalarheimilisins í Borgarnesi, frá vinstri Helga, Steinunn Ásta, Þóra B, og forstöðumenn Dvalarheimilisins í Borgarnesi þær Elín og María.

Félagskonur í Lkl. Rán í Ólafsvík, Árangursrík blaðaútgáfa

Á félagsfundi hjá okkur í Rán, þann 10. febrúar síðastliðinn lagði verkefna- og líkarnefnd til að í ár myndum við styrkja Heilsugæslustöð Ólafsvíkur. Nefndin hafði þá þegar, haft samband við Berit hjúkrunarfræðing og ljósmóður og leitað ráða hjá henni. Úr varð að þær lögðu til að keyptur yrði Monitor (Fósturhjársláttarriti), því hann kæmi sér vel í allri þessari frjósemi hér í bæ. Félagskonur samþykktu þetta. Meðalaldurinn í klúbbum er nú um 39 ár, þannig að einhverjar okkar eiga örugglega eftir að njóta góðs af þessu.

Þar sem þetta tæki er mjög dýrt, sáum við fram á að við yrðum að fara í góða fjáröflun og að þetta yrði að öllum líkindum langtíma verkefni hjá okkur. Því heimtaði stjórnin á þessum sama fundi að félags-

konur kæmu með tillögur að fjáröflun og var það gert og óhætt er að segja að hugmyndarflugði var mikild, allt frá því að gera ljósblátt dagatal til kleinubaksturs. Stjórnin fór yfir tillögurnar og leist best á blaðaútgáfu til að minnast 10 ára afmælis Lionsklúbbsins Ránar sem var þann 5. apríl síðastliðinn og var samþykkt einróma.

Strax var skipað í ritnefnd og ákveðið að blaðið kæmi út í kringum sumardaginn fyrsta. Hafist var handa við gagnaöflun og leitað eftir auglýsendum og styrkaraðilum. Vel var tekið á móti okkur, þar sem við bönkudum uppá og svo vel hefur þetta gengið, að nú sjáum við fram á að þetta verður ekki langtíma verkefni hjá okkur, tækið verður pantað á næstu dögum.

Samfundarbomban



Fjölumðæmisstjóri afhendir Árna Helgasyni, Lkl. Stykkishólms, viðurkenningu Lionsshreyfingarinnar.

Samfundurinn í Lionsheimilinu 1. maí var um margt nokkuð óvenjulegur þótt ekki væri að sjá af dagsskrá að svo mundi verða svo nokkru næmi. Fjölumðæmisstjóri setti fundinn og stjórnaði af skörungsskap. Það var ánægjulegt hve fundurinn var vel sóttur og fróðlegt að heyra erindi Árna Þórs Sigurðssonar forseta borgarstjórnar um mat hans á stöðu Lions í borgarlífinu, en gert er ráð fyrir að erindið birtist í heild sinni í næsta Lionsblaði. Þá var mjög við hæfi að Árna Helgasyni var boðið til fundarins í tilefni níræðis afmælisins til að taka við viðurkenningu Lionsshreyfingarinnar fyrir hans ótula Lionsstarf.

Þegar kom að ávörpum fjölumðæmisstjóra og umdæmisstjórnanna tveggja gerðu þeir sem setið höfðu

samfundi áður ekki ráð fyrir að þar yrði farið út af venjulegri braut frásagnar um stöðu mála og hvatningar í bland. Því var það, þegar Einar Þórðarson, fjölumðæmisstjóri 109 B flutti sinn boðskap að fundarmenn rak í rogastans þegar hann, að loknu máli sínu, lýsti því yfir að hann hefði ákveðið að draga framboðs sitt til embættis fjölumðæmisstjóra til baka.

Það liðu undarlegar tvær eða þrjár sekúndur áður en fundarmenn áttu sig á því hvað var að gerast, og Þórunn Gestsdóttir, sem vissi ekki annað en að hún ætti fyrir höndum keppni við Einar um embættið vissi greinilega ekki hvaðan á sig stóð veðrið.

En fundarmenn voru fljótir að jafna sig og svo upphófust faðmlögin.

Minning: Valgerður K. Kristjánsdóttir

Fædd 4. maí 1932
Dáin 15. marz 2004.



Valgerður K.
Kristjánsdóttir

Gengin er mæt kona. – Það mun hafa verið í september 1985 er nokkrar konur komu saman, sín úr hverri áttinni, til þess að stofna Lionsessuklúbb og var Valgerður Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur ein af þeim. Valgerður var einnig með okkur þegar við stofnuðum Lionsklúbbinn Engey árið

1990 og allt til ársins 2001 eða í 16 ár. Valgerður gengdi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir klúbbinn okkar, var m.a. annars í stjórn klúbbsins. Hún var samviskusöm, ljúf og einlæg í framkomu og skilaði öllum þeim störfum sem henni voru falin með mikilli þryði. Við söknuðum hennar þegar hún yfirgaf klúbbinn. Hún var einstaklega traustur og góður félagi.

Valgerður fæddist á Flateyri við Öndurarfjörð og ólst þar upp við stórbrotna og tignarlega náttúru

Vestfjarða. Hún var eins og umhverfið sem hún ólst uppí traust, ákveðin og yfirveguð og stóð af sér áföll lífsins með hugaró í sátt við sjálfa sig og aðra. Hún var frekar hæglát, en glaðleg og dul um sína hagi.

Valgerður eignaðist einn son, Kristján Val Jónsson, verkfræðingur sem kvæntur er Fjólu Jónsdóttur, verkfræð-

ingi og eignuðust þau dóttur þann 31. desember 2003 sem var sólargeislinn í lífi ömmu sinnar. Valgerði hlotnaðist sú ánægja að halda litlu stúlkunni undir skírn í byrjun febrúar s.l. og heitir litla stúlkun Vala Rún.

Við Engeyjarkonur þökkum Valgerði samfylgdina og sendum syni hennar og tengdadóttur og öðrum ástvinum einlægur samúðarkveðjur.

Blessuð sé minning Valgerðar K. Kristjánsdóttur.

Kristinn Hannesson formaður Lkl. Mosfellsbæjar Morgunverðarfundur



Nýir félagar talið frá vinstri: Gísli Sigurðsson, Halldór Jökull Ragnarsson, Pétur Pétursson, Björn Heimir Sigurbjörnsson, Hrafn Stefánsson og formaður klúbbsins Kristinn Hannesson.

Það er orðin föst hefð hjá okkur í Lkl. Mosfellsbæjar að halda morgunverðarfund á sumardaginn fyrsta. Á þennan fund bjóðum við mökum okkar, börnum, barnabörnum og vinum. Undantekningarlaust hafa þessir fundir verið vinsælir og tekist mjög vel.

Á þessum sólbjarta og fallega

degi tóku félagar og gestir að streyma að Hlégarði um kl. 10.00 og þegar upp var staðið mættu alls 112 manns á þennan glæsilega fund.

Á dagskránni var þó fleira en morgunverður því við notuðum tækifærið og tókum inn 5 nýja félagar.



markmið mitt er að njóta lífsins þegar ég hætti að vinna



Gerðu milljóna starfslokasamning við sjálfan þig!

Viðbótarlífeyrissparnaður Íslandsbanka er besti sparnaður sem völ er á bæði vegna mótframlags launagreiðanda og hagstæðrar skattlagningar. Þú greiðir 4% viðbótariðgjald til lífeyrissparnaðar og færð að auki allt að 2% mótframlag frá launagreiðanda. Þetta þýðir að fyrir hverjar 10.000 kr. sem lagðar eru fyrir bætast 5.000 kr. til viðbótar inn á reikninginn þinn. Með Viðbótarlífeyrissparnaði Íslandsbanka standa gullnu árin undir nafni!

Íslandsbanki gaf nýverið út bókina *Verðmætasta eignin* þar sem fjallað er um lífeyrismál og hvernig er skynsamlegast að haga þeim. Bókin er tilvalin fyrir þá sem vilja lesa um hvernig er best að byggja upp eftirlaunasparnað og tryggja fjárhagslegt öryggi.

ÍSLANDBANKI